

# Héraðsdómur Austurlands

Dómur 16. desember 2025

Mál nr. S-42/2025:

## Ákærvaldið

(Áslaug Benediktsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Gísli M. Auðbergsson lögmaður)

(Hlynur Jónsson réttargæslumaður)

## Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. síðasta mánaðar, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara 3. apríl síðastliðinn á hendur X, kt. [ ... ], „fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins [ ... ] 2024, í gestaherbergi á heimili sínu að [ ... ] haft önnur kynferðismök en samræði við A, kt. [ ... ], án hennar samþykkis. Ákærði kom inn í herbergið þar sem A lá sofandi ber að neðan og lagðist nakinn við hlið hennar en hún vaknaði við að ákærði káfaði á rassi hennar með hendinni og setti getnaðarlim sinn við endaparmsop hennar og reyndi með þeim hætti í tvígang að þröngva getnaðarlimnum í endaparm hennar þrátt fyrir að hún færði sig frá honum. Ákærði lét ekki af háttseminni fyrir en A færði sig frá honum í annað skiptið. Af þessu hlaut A roða við endaparmsop." Er háttsemi talin varða við 1. mgr. 194. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er þess þar krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu brotþola er þess krafist að ákærði greiði henni 1.600.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá [ ... ] 2024. Þá tekur endanlega vaxtakrafan sömuleiðis til þess að ákærði greiði brotþola dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá [ ... ] 2024 til greiðsludags. Loks er krafist þóknunar til handa réttargæslumanni vegna réttargæslustarfa í samræmi við yfirlit þar um, sbr. 48. gr., sbr. XXXVI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar með talið vegna framsetningar bótaskrófu.

Ákærði neitaði sök á dómþingi 3. júní síðastliðinn og hafnaði bótaskrófu og af hans hálfu var skilað greinargerð 26. sama mánaðar. Þar er aðallega krafist sýknu af refsikrófu ákærvalds, að skaðabótaskrófu brotþola verði vísað frá dómi og að allur sakarkostnaður,

þar á meðal málsvarnarlaun verjanda, verði lagður á ríkissjóð. Er frávísun bótakröfunnar byggð á sýknu af refsikröfu ákærvaldsins. Til vara krefst ákærði vægustu refsingar sem lög leyfa, að skaðabótakrafa verði lækkuð umtalsvert og að sakarkostnaði verði skipt á milli ákærða og ríkissjóðs, þar með töldum málsvarnarlaunum verjanda.

## I

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst neyðarlínu tilkynning frá B kl. 8:12 að morgni [...] 2024 um að brotþoli, A, sem væri gestkomandi að [...] og í miklu uppnámi, hefði greint frá kynferðisbroti gegn sér að [...] fyrir um morguninn/nóttina. B kvað brotþola vera vinkonu dóttur sinnar, C. Hafi lögregla þegar í stað haldið að [...] til aðstoðar.

Er þangað hafi verið komið hafi lögregla hitt brotþola fyrir sem greint hafi frá broti af því tagi á fyrrgreindum stað um nóttina. Rætt hafi verið við hana og nauðsynlegra upplýsinga aflað svo unnt yrði að bregðast við með viðeigandi hætti. Hún hafi greint frá því að hafa degi fyrir farið á [skemmtun] [...] ásamt fleira fólki, meðal annars vinkonu sinni, D, og verið að [skemmtun] [...] búin að fá gistingu heima hjá henni að [...]. Til hafi staðið að hún gisti ein í herbergi á 2. hæð hússins og þar hafi hún lagst til svefnis nokkru eftir að heim hafi verið komið. Þá hafi einnig verið í húsinu D, ákærði sem væri unnusti D, E og F. D hafi verið farin að sofa þegar brotþoli hafi farið í rúmið, en karlmennirnir þrír hafi verið á 1. hæð hússins að spjalla. Hún hafi svo orðið vör við það nokkru eftir að hafa farið í rúmið að ákærði hafi komið upp í til hennar. Hún hafi verið í nærból einum klæða, orðið mjög hrædd og hennar fyrstu viðbrögð verið að látast vera sofandi. Hann hafi komið að henni og reynt að þrýsta lim sínum inn í endaparm hennar. Hún hafi þá snúið sér frá og enn látist sofa en hann þá komið á ný og reynt aftur það sama. Hann hafi þannig reynt þetta tvívegis með ákveðnum hætti en ekki tekist að hefja samfarir. Er þarna hafi verið komið við sögu hafi hún staðið upp úr rúminu og ákærði ekki reynt að hindra för hennar. Hún hafi farið niður á 1. hæð hússins þar sem enginn hafi verið. Þá hafi hún kl. 5:43 árangurslaust reynt að hringja í C, vinkonu sína [...]. Að lokum hafi hún kl. 5:50 náð sambandi við [...] C, G, og þannig í kjölfarið náð í C. Hún hafi komið akandi frá [...] og sótt brotþola [...] og ekið henni að [...]. Brotþoli hafi greint C frá því hvað gerst hafi og í kjölfarið hafi B, móðir C, haft samband við neyðarlínu og óskað eftir aðstoð lögreglu.

Í frumskýrslunni greinir enn fremur frá því að brotþoli hafi blásið í áfengismæli kl. 8:46 í ljósi frásagnar hennar um að hafa neytt áfengis um nóttina. Mælirinn hafi gefið

0,99% til kynna og er þess getið í skýrslunni að brotaþoli hafi að mati lögreglumanns Q verið vel áttuð og skýr í öllum tilsvörum. Haft hafi verið samband við rannsóknardeild lögreglunnar, vakthafandi lögreglumann [...] og vakthafandi lækni [...]. Í samráði við lækinn hafi sjúkraflutningamenn annast flutning brotaþola til [...] þar sem P hafi á sjúkrahúsinu, ásamt vakthafandi lækni, annast viðeigandi rannsókn á brotaþola og sýnatöku.

Í skýrslunni greinir sömuleiðis frá því að lögregla hafi farið að heimili ákærða [...] 2024. Laust eftir kl. 10 hafi hann verið handtekinn, honum gerð grein fyrir sakargiftum og kynnt viðeigandi réttarstaða. Hann hafi verið fluttur á varðstofu lögreglu og þangað hafi komið vakthafandi lækni, H, og annast rannsókn á líkama hans. Þá verður ráðið af skýrslunni að ákærða hafi verið útveguð lögmannaðstoð og að skoðun lokinni hafi hann verið vistaður í fangageymslu uns tekin hafi verið af honum skýrsla þegar áfengisvíma hafi verið af honum runnin. Hann hafi reynst vera undir áhrifum áfengis við handtökuna og blásið 1,30% í áfengismæli kl. 11.

Í aðkomuskýrslu lögreglu er auk annars greint frá því að lögreglumaður I hafi ásamt lögreglumönnum J og K farið að heimili ákærða og sambyliskonu hans, [...], til að handtaka hann vegna gruns um kynferðisbrot. Ákærði hafi komið til dyranna á bláum nærbuxum einum klæða og honum kynnt að hann þyrfti að koma með lögreglu vegna handtöku hans í máli til rannsóknar. Hann hafi verið illa áttaður og virst nývaknaður og mikinn áfengisþef lagt frá vitum hans. Hann hafi hleypt lögreglumönnum inn í forstofu. Þar til vinstri hafi verið mjór gangur, þaðan sem unnt hafi verið að sjá beint inn á eldhúsbord. Á eldhúsborðinu hafi verið bjórdósir og við það karlmannsföt á gólfinu. Ákærði hafi farið upp stiga ásamt lögreglumönnum til að klæða sig í buxur. Hann hafi tekið buxur úr þvottahaug við handrið stigans á efri hæðinni. Hann hafi beðið um að fá að fara aftur upp til að sækja símann sinn og hafi lögreglumenn I og J fylgt honum á efri hæðina þar sem hann hafi sótt símann sinn í herbergi beint á móti stiganum, en önnur herbergi hafi verið til hægri.

Í sömu skýrslu greinir einnig frá því að ákærði hafi verið samvinnuþýður og sagst skilja réttarstöðu sína þegar hún hafi verið kynnt. Lögregla hafi útskýrt sakargiftir og að taka þyrfti af honum skýrslu. Áður en hann hafi verið fluttur á lögreglustöð hafi hann greint frá því að hafa gert ótrúlegustu hluti í svefni og að muna lítið eftir kvöldinu áður.

Í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun ákærða greinir frá því að hann hafi enn verið undir áhrifum áfengis og vottað hafi fyrir áfengislykt við skoðun sem hófst kl.

11:20 sunnudaginn [...] 2024. Hann hafi verið rólegur og samvinnuþýður og ekki tjáð sig um málsatvik. Gróft á litið væru engin merki um áverka. Ekki hafi verið roði eða útbrot á limnum og hafi hár á kynfærasvæði verið rökuð niður að rót. Nærbrók ákærða hafi verið sett í poka til frekari skoðunar. Þar sem lýsingar atburða hafi ekki bent til átaka eða áverka hafi ekki verið lögð áhersla á áverkaskoðun. Skoðun á kynfærasvæði hafi ekki borið teikn áverka og ekki væru augljós merki um vökva eða vessa annars einstaklings á þessu svæði. Þá hafi ekki verið merki um átök við skoðun handa, sér í lagi við neglur. Tekin hafi verið strok í kringum getnaðarlim, af reðurskaftinu, af kóng og við þvagrásarop til frekari rannsóknar. Þar sem kynfærahár hafi verið rökuð hafi ekki verið tekin kynhárasýni. Ákærði hafi staðið á pappírsgúk meðan skoðun var framkvæmd.

Í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola [...] 2024 er eftir henni haft að hún hafi farið upp í herbergi að sofa og vaknað við að einhver sem væri upp í rúmi væri að reyna að þvinga typpi í rassinn á henni. Hún hafi frosið í nokkrar sekúndur, þóst vera sofandi en hreyft sig. Hann hafi reynt aftur og hún fært sig upp að vegg. Hann hafi legið við hliðina á henni og talið hana vera sofandi. Hún hafi tekið dótið sitt og farið niður. Hún hafi verið á [skemmtun] um kvöldið og verið undir áhrifum áfengis. Hún hafi hringt í vinkonu sína til að biðja hana um að sækja sig, þær hafi farið beint heim til vinkonunnar og móðir vinkonunnar hafi hringt á lögreglu. Þá greinir auk annars frá því í skýrslunni að brotaþoli hafi ekki verið í nærfötum við árásina.

Í skýrslunni er jafnframt merkt við þriðju atriði af tíu á gátlista um „[k]ynferðislegt framferði árásmanns“. Merkt er við og útskýrt með texta að um hafi verið að ræða tilraun til kynmaka um endaparm. Snerting hafi farið fram með getnaðarlim og káfað hafi verið á rassi. Í skýrslunni segir enn fremur um samantekt á ástandi brotaþola við skoðun að hún hafi skolfið við komu, gefið skýr svör og verið skelkuð og í miklu uppnámi fyrst eftir árás. Þá er merkt við sjö atriði af 31 til marks um tilfinningalegt ástand og kreppuviðbrögð brotaþola, þar af að hún hafi verið fjarlæg, gefið skýra frásögn, verið óttaslegin, skolfið, verið með hroll, verið vöðvaspennt/stíf, og þá er einnig merkt við atriðið hjartsláttur. Fram kemur að roði hafi greinst efst við endaparmsop, en ekki sár, og að ljósmyndir af þeim áverka séu á meðal gagna málsins. Lífsýni hafi verið tekin við endaparminn, en ekki hafi greinst sæðisfrumur við smásjárskoðun. Í skýrslunni er í einn dálk handskrifað „? Nuddspurning“.

Í skýrslu lögreglu um rannsókn á réttarlæknisgögnum ákærða, dags. [...] 2024, greinir frá því að tekin hafi verið fimm sýni á kynfærasvæði hans, ýmist á eða við getnaðarlim

hans. Lífsýni á pinnum, ef einhver hafi verið til staðar, hafi eingöngu verið í formi þekjufruma. Slíkar frumur sé ekki hægt að rannsaka í tæknideild og hafi pinnarnir því ekki verið teknir til rannsóknar. Í annarri skýrslu, dags. sama dag, um rannsókn á nærfötum ákærða, greinir frá því að í þeim hafi ekki komið fram nein lífsýni sem nothæf hafi verið til DNA-kennslaggreiningar. Á hinn bóginn sé ekki hægt að útiloka að í sýni sem varðveitt hafi verið af innanverðri framhlið nærbuxnanna sé að finna lífsýni í formi þekjufruma og þar þá mögulega lífsýni sem nothæf séu til slíkra greininga. Þá kemur fram að þess háttar sýni hafi verið varðveitt við rannsóknina.

Í skýrslu lögreglu um rannsókn á réttarlæknisgögnum brotaþola, dags. [...] 2024, greinir frá því að ekki hafi komið fram nein lífsýni sem nothæf geti talist til DNA-kennslaggreiningar, en tekin voru fjögur sýni við og inni í endaparmi hennar.

Í niðurlagi skýrslu tæknideildar lögreglu, dags. [...] 2024, er gerð grein fyrir niðurstöðum á samanburði fyrrgreindra fimm sýna sem tekin voru af ákærða við sýnin frá brotaþola. Greint er frá því að sýnin hafi verið tekin til rannsóknar með tilliti til þekjufruma og þau greind með DNA-greiningaraðferðum. Niðurstöður þeirra greininga hafi leitt í ljós að þrjú sýnanna, sem tekin voru á kynfærasvæði ákærða og nærfatnaði, höfðu öll sama DNA-snið, þ.e. snið ákærða sjálfs, en greiningar á þremur sýnum, sem öll voru tekin af getnaðarlim ákærða, hafi ekki gefið niðurstöður þar sem ekki hafi komið fram nægilegt magn DNA.

Ákærða var dregið blóð af læknum H kl. 11:41 sunnudaginn [...] 2024. Samkvæmt matsgerð vegna alkóhólakvörðunar Rannsóknastofu Háskóla Íslands með gasgreiningu 22. sama mánaðar var meðaltal mælinga á því sýni að hlutfall vínanda í blóði ákærða var 1,62%, en jafnframt að ólögleg ávana- og fíkniefni hafi á hinn bóginn ekki verið í mælanlegu magni.

Samkvæmt sams konar matsgerð vegna tveggja blóðsýna og þvagsýnis brotaþola þennan sama morgun reyndist hlutfall vínanda í blóðsýni brotaþola sem tekið var kl. 11 vera 0,67%, en hlutfall vínanda í blóðsýni sem tekið var úr henni kl. 12 var 0,45%. Hlutfall vínanda í þvagsýni sem brotaþoli gaf kl. 10:45 um morguninn var 1,49%. Samkvæmt matsgerðinni benda niðurstöður alkóhólmælinga til þess að brotaþoli hafi verið undir áhrifum áfengis þegar sýni voru tekin. Hátt hlutfall etanóls í þvagi og blóði bendi til að liðið hafi nokkrar klukkustundir frá því að drykkju hafi lokið. Ólögleg ávana- og fíkniefni hafi á hinn bóginn ekki verið í mælanlegu magni.

Þá er á meðal málgagna skýrsla lögreglu frá því [...] 2024 með myndum sem teknar voru [...] 2024 kl. 17:40 af lögreglu innandyra á heimili ákærða, að viðstöddum „húsráðanda/sakborning[i]“, auk loftmyndar „af netinu“ af staðsetningu hússins. Af myndunum og skýringartextum við þær verður ráðið hvernig herbergjaskipan, gangar, stigar og aðstæður innandyra að öðru leyti eru á heimilinu. Þá er og á meðal málgagna skýrsla með tveimur skjáskotum úr upptöku búkmyndavélar lögreglu við handtöku ákærða að morgni þessa dags. Upptakan er einnig á meðal málgagna og var hluti hennar í kjölfar framlagningar spilaður við aðalmeðferð málsins 19. nóvember síðastliðinn.

Í fyrirbyggjandi skýrslu lögreglu, dags. [...] 2024, greinir frá því að hinn [...] 2024 hafi borist tölvupóstur frá réttargæslumanni brotaþola ásamt skjáskoti frá brotaþola. Skjáskotið sé sagt vera frá ákærða og hafi hann þar í samskiptum við brotaþola beðist afsökunar og sagst taka ábyrgð á því sem gerst hafi. Þá hafi hann sagst ekki muna eftir því sem gerst hafi, en að hann rengdi hana ekki.

Enn fremur eru á meðal málgagna ljósmynd sem brotaþoli bar um við aðalmeðferð málsins að hafa tekið og var lögð fram í kjölfarið. Ber hún með sér að vera af ákærða, E og F kl. 4:15 aðfaranótt [...] 2024 við eldhúsbordið að [...].

Þá liggja sömuleiðis fyrir tvö skjáskot af samskiptum brotaþola og C frá kl. 5:55 til 6:05 aðfaranótt [...] 2024. Þar má lesa brotaþola biðja C um að sækja sig heim til D og greina frá því að einhver hafi reynt að nauðga henni. Hún segist vera að klæða sig og biður C að taka L með til að taka bílinn hennar. Aðspurð kveðst brotaþoli í skilaboðunum ekki vita hvort C eigi að hringja á lögreglu. Þá má lesa í samskiptunum að brotaþoli viti ekki hvort fleiri séu staddir að [...], hún hafi ekki þorað að snúa sér við, skjálfi bara og geti ekki andað. Samskiptunum lýkur með skilaboðum frá C kl. 6:05 þar sem hún segir „[e]rum á leiðinni“ í kjölfar þess að hafa fengið upplýsingar um heimilisfangið að [...].

Einnig er á meðal málgagna vottorð sálfræðingsins M, dags. 2. júní 2025, um andlega hagi brotaþola. Þar segir að vottorðið sé ritað að beiðni réttargæslumanns hennar í kjölfar ætlaðs kynferðisbrots. Við gerð þess hafi verið stuðst við nótur sem skrifaðar hafi verið í viðtölum. Um mat á sálrænum einkennum og líðan segir að brotaþoli hafi leitað til sálfræðingsins vegna afleiðinga sem hún hafi verið að glíma við vegna hins ætlaða brots. Í tilvísun annars sálfræðings vegna brotaþola til hennar hafi verið tekið fram að hún glímdi við [andlegir hagir brotaþola] í kjölfar áfalls. Brotaþoli hafi komið til sálfræðingsins í fimm skipti á tímabilinu [...] 2024 til [...] sama ár. Í viðtölum hafi afleiðingar hins ætlaða brots verið metnar og fylgst hafi verið með andlegu ástandi

brotapola, þar með töldum einkennum áfallastreituröskunar vegna hins ætlaða kynferðisbrots og samslætti við [...].

Þegar brotapolí hafi komið í fyrsta viðtalið hafi hún verið búin að vera í veikindaleyfi frá vinnu vegna erfiðleika sem hún hafi glímt við eftir áfallið. Hún hafi lýst erfiðum tilfinningum, að hún hefði almennt [andlegir hagir brotapola].

Þá greinir frá því að upplifun og viðbrögð brotapola samræmist þeim viðmiðum sem lögð séu til grundvallar fyrsta viðmiði í greiningu áfallastreituröskunar samkvæmt alþjóðlegum greiningarkerfum. Slík röskun einkennist af ágengum endurupplifunum áfalls, að forðast hugsanir og aðstæður sem tengjast áfallinu, tilfinningadoða og ýktum einkennum ofurárvekni. Loks segir að upplifun og viðbrögð brotapola samræmist því einkennamynd áfallastreituröskunar vegna ætlaðs kynferðisbrots.

Við rannsókn tók lögregla skýrslur af ákærða [...] 2024 og [...] sama ár og af brotapola [...] 2024. Þá tók lögregla skýrslur af sambýliskonu ákærða D, [...] 2024, vinkonu brotapola, C, [...] 2024, og þrjár skýrslur um síma [...] 2024, þ.e. af E, F og L.

## II

Við aðalmeðferð málsins greindi *ákærði, X*, svo frá málsatvikum [...] 2024 að hann hafi farið á [skemmtun] í stórum hópi fólks, þar á meðal með brotapola, sambýliskonu sinni, D, [...]. Mikið hafi verið drukkið og verið gaman. Hann bar um að muna eftir [...], en einhvern tímann [skemmtun] hafi hann misst minnið og gat í því samhengi um að muna ekki eftir að hafa komið heim til sín. Kvaðst hann ekki vita hversu mikið hann hefði drukkið, en þar á meðal viskí og vodka í hádeginu [...], en eftir það hafi þau farið heim og ákærði lagt sig. Hann hafi drukkið illa á þessum tíma og þá oft of mikið og bar um að hafa þarna staupað sig, drukkið rauðvín og bjór. Hann sagði sig, sambýliskonu sína og brotapola hafa [...] [skemmtun] og brotapola hafa verið gest á heimili þeirra vegna [skemmtun].

D og brotapolí hafi verið bestu vinkonur, en tengsl hans við brotapola hafi ekki verið önnur en í gegnum sambýliskonuna. Þau tvö hafi þekkt vel, en ekki umgengist hvort annað nema D væri á staðnum. Hafi samskipti þeirra ekki verið mikil utan þess sem brotapolí hafi komið í heimsókn til þeirra. Aðspurður með vísan til skýrslugjafar hans hjá lögreglu um samband sitt og brotapola kvaðst hann hafa trúað því á sínum tíma að þau væru miklir vinir en hafa svo fengið upplýsingar hjá vinkonum D um að hún hafi ekki þolað hann. Hann kvað hana hafa gist áður á heimili þeirra þegar vín hafi verið haft

um hönd og hún ekki getað ekið heim, og þá sennilega alltaf í sama herbergi. Það herbergi væri gestaherbergi staðsett beint upp af stiga, en húsið væri á tveimur hæðum. Á efri hæð væru fjögur svefnherbergi og lítið baðherbergi og lýsti ákærði svo nánar herbergjaskipan, þar á meðal að á neðri hæð væru stofa, þvottahús, eldhús, stofa, sjónvarpsstofa og forstofa.

Hann kvaðst ekki muna hvernig hann hefði farið heim af [skemmtun] og engar minningar eiga um heimferðina eða heimkomna. Heldur ekki hverjir hafi verið með honum, hverjir hafi verið staddir á heimilinu eða hvar hann hafi haldið sig um nóttina. Aðspurður um það sem hann hefði borið um við lögregluskýrslu [...] 2024, að muna að einhverjir hafi verið með honum þegar hann hafi komið heim, kvaðst hann ekki muna það í dag. Hafi hann tjáð sig á einhvern veg hjá lögreglu hafi hann munað það þannig á þeim tíma og telji sig hafa verið heiðarlegan í svörum. Hann hafi á hinn bóginn ekki lesið sína eigin skýrslu þar sem honum þyki það óþægilegt, en í máli hans kom einnig fram að hann hefði ekki lesið skýrsluna nýlega. Aðspurður um það, með vísan til þess framburðar hans í sömu skýrslu að þau hafi nokkur farið heim til hans en að D hafi verið farin að sofa, hvort hann hafi vitað að hún hafi verið farin heim eða farin að sofa, kvað hann það hafa geta byggst á einhverju sem honum hafi verið sagt. Í sömu skýrslu hafi hann sagst staðsetja ölvunarástand sitt sem níu eða tíu á skalanum einn til tíu. Kvaðst hann fyrir dómi telja sig hafa verið dauðadrukinn og að þessi viðmið, níu eða tíu, gætu passað.

Hann kvaðst næst muna eftir sér þegar dyrabjallan hafi hringt að morgni [...] 2024. Þá hafi hann vakið D og spurt hana hvort hún ætti von á gestum. Hann kvaðst ekki vilja fullyrða um hvar hann hafi vaknað. Hann hafi þá verið klæddur í brók, en ekki hafa klætt sig í hana eftir að hafa vaknað. Utandyra hafi verið þrír lögreglumenn sem hafi upplýst hann um að hann væri handtekinn vegna kynferðisbrots gegn brotþola. Hann hafi ekkert vitað um hvað þeir væru að tala og í kjölfarið hafi tekið við mikið áfall og í lögreglubíl á leiðinni frá heimili hans hafi hann sent brotþola skilaboð.

Ákærði bar um að þrátt fyrir minnisleysið byggðist neitun hans á sakargiftum á þeim sönnunargögnum sem fyrir lögju og hans tilfinningu um „hvað ég myndi gera“. Þau D hafi á þessum tíma verið [...]. Hann hafi verið mjög hamingjusamur og telji „ekki séns að ég hafi gert þetta“. Þá hafi hann heyrt frá öðrum vinkonum D að brotþola hafi fyrir þetta kvöld ekki verið vel við sig. Hann hafi þó fyrir þetta kvöld talið fara vel á með þeim, honum hafi líkað vel við hana, en engan kynferðislegan áhuga haft á henni. Því finnist honum útilokað að hann hafi komið að henni um nóttina og gert það sem hann

væri sakaður um. Aftur á móti geti verið að hann hafi fært sig í rúmið um nóttina því þangað hafi hann fært sig öðru hvoru á þessum tíma. Hann kvaðst þó ekkert geta sagt til um það hvort hann hafi lagst við hliðina á henni eða farið upp í rúmið á meðan hún hafi sofið þar. Þangað hefði hann getað fært sig á hvaða tímapunkti sem væri. Þá kvaðst hann ekki hafa sérstaka skýringu á því af hverju fötin hans hafi verið á neðri hæð hússins, en gat í því samhengi um að hann hafi átt það til að sofa niðri í stofu, þ.e. í sjónvarpsstofunni.

Hann kvaðst oftast hafa sofið í hjónaherbergi hússins, en þau D hafi [...] og því hafi hann oft fært sig í gestaherbergið [...]. [...]. Komið hafi fyrir að hann hafi farið yfir í gestaherbergið án þess að vita sjálfur af því og þá hafi einnig komið fyrir að D hafi sofið þar. Þau hafi þó ekki sofið þar saman, heldur annað þeirra [...]. Almennt kvaðst hann sofa á brókinni en ekki nakinn og staðfesti fyrir dómi að sú brók sem hann hefði sofið í um nóttina væri sú sem sjá mætti á mynd í gögnum málsins.

Hann kvað símann sinn líklega hafa verið þar sem hann hafi sofið, en hann þó ekki eiga „skýra minningu“ af því að hafa fengið að sækja símann við handtökuna. Fannst honum líklegt að hafa sótt símann þangað sem hann hafi sofið og kvaðst yfirleitt hafa hann við hliðina á sér. Hann kvaðst bæði hafa hafi sent brotaþola skilaboð í lögreglubílum eftir handtökuna og eins [...] árið 2024 þegar sögur hafi farið á kreik sem stafa hafi átt frá brotaþola. Sögurnar hafi verið allt öðruvísi en frásögn hennar í skýrslugjöf hjá lögreglu, en þær hafi þau D heyrt frá tveimur eða þremur mismunandi stöðum og alltaf verið sagðar koma beint frá brotaþola. Hann hafi sent henni skilaboðin um sumarið til að „stöðva blæðinguna“ þar sem hann hafi ekki þorað út í búð.

Um eigin hagi bar ákærði að undanfarin [...] ár hafi verið erfið fyrir hann og hans fjölskyldu, mörg áföll og erfiðir tímar. Þau D byggju enn saman [...]. Hún starfi sem [...] en hann sem [...]. Sambúðin hafi verið erfið en þau sótt sér pararáðgjöf. Umtal um málið hafi reynt á, þar á meðal í fjölmiðlum, sem og á Facebook, þar sem [...] hafi boðist til að nafngreina ákærða. Hann hafi algjörlega hætt neyslu áfengis eftir þetta, haft samband við SÁÁ, líklega um mánuði síðar. Í fyrstu hafi hann sótt fjarmedferð sem hafi svo verið vesen með og í framhaldinu sjálfur óskað eftir innlögn á Vog. Hann hafi lokið meðferð [...] á þessu ári og verið alveg edrú frá atburðum.

Hann kvaðst ekki þekkja C, einungis vita að hún væri vinkona brotaþola. Þá þekkti hann ekki til viðhorfa hennar í hans garð, bara það sem hann hefði lesið í lögregluskýrslu. Aðspurður um þýðingu skilaboðanna sem hann hafi sent brotaþola [...] 2024, einkum að hann segðist trúá henni, kvaðst ákærði á þessum tímapunkti hafa trúað brotaþola, en bar

í því samhengi einnig um að þetta hafi verið hans tilraun til að stoppa hinar ljótu sögur. Eftir samtöl við sambýliskonu sína, sálfræðing, fjölskyldu, vini og lögmann hafi hann aftur á móti áttað sig á að það sem brotþoli segði að gerst hafi væri ekki lög og ekkert væri staðfest í þessu. Þegar hann hefði áttað sig á því hefði hann skipt um skoðun og séð eftir að hafa sent skilaboðin þar sem hann hafi sagst trúa henni.

Hann sagði síðari skýrslugjöf sína hjá lögreglu hafa verið eftir skilaboðin [...] 2024. Fyrir fyrri skýrslugjöfina hjá lögreglu [...] 2024 hafi hann, þegar hann hafi verið staddur í fangaklefa, fengið upplýsingar um skýrslugjöf brotþola frá tveimur nafngreindum lögreglumönnum. Þeir hafi tjáð honum að hann hafi verið handtekinn fyrir tilraun til kynferðisbrots gegn brotþola. Hann kvaðst þó nánar aðspurður ekki viss um það eða hvað hann hefði heyrt, enda [...] frá því. Hann kvaðst þó telja það sem hann hefði greint frá í skýrslugjöfinni vera það sem hann hafi munað á þeim tíma, en nú fyrir dómi myndi hann sannarlega minna. Þeir lögreglumenn sem stjórnað hafi skýrslutökunni hafi fyrir hana eitthvað talað við hann, en hann kvaðst ekki muna um hvað. Þegar hann var spurður hvort hann hafi munað það í skýrslugjöf hjá lögreglu [...] 2024 að E og F hafi farið með honum heim um nóttina bar hann um það fyrir dómi að geta ekki svarað því og ekki vita hvort hann hafi verið að heyra það í fyrsta sinn í spurningum hjá lögreglumanni í skýrslutökunni. Hann kvaðst á hinn bóginn telja líklegt að hafa heyrt það í fyrsta sinn í skýrslugjöfinni að hann ætti að hafa reynt að troða getnaðarlim sínum í endaparmsop brotþola miðað við að hann hafi svarað: „nei, Guð minn almáttugur“. Hann kvaðst þó ekki þora að segja til um hvort einhver hafi sagt honum heildstætt frá atburðarásinni eins og brotþoli hafi greint frá henni fyrir skýrslugjöf hans hjá lögreglu. Hann hafi verið í töluverðu áfalli, verið handtekinn af tveimur mönnum sem hann hafi þekkt og dvalið í um átta klukkustundir í fangaklefa áður en hann hafi gefið skýrslu. Þetta hafi verið erfiðar aðstæður og hann kvaðst ekki langa til að fullyrða um eitthvað sem hann væri ekki viss um.

Eftir að myndband úr bókmyndavél lögreglu frá handtöku ákærða að morgni [...] 2024 var sýnt við aðalmeðferðina óskaði hann eftir að gefa viðbótarskýrslu. Kvað hann það hafa rifjast upp fyrir sér þegar hann hafi séð hvert hann hafi sótt símann að hann hafi sótt hann þangað sem hleðslutækið hans hafi alltaf verið. Hann gæti því hafa sett símann þar í hleðslu áður en hann hafi farið út, þegar hann hafi verið nýkominn heim eða hvenær sem væri. Við áhorfið hafi á hinn bóginn ekki rifjast upp fyrir honum að síminn hafi verið þarna, heldur það að hleðslutækið hafi alltaf verið þarna á þessum tíma. Framburður hans

um að muna ekki hvar hann hafi sofið og úr hvaða herbergi hann hafi komið þegar lögreglu hafi borið að garði væri aftur á móti óbreyttur.

Fyrir dómi bar *brotapoli*, A, um að hafa komið á heimili ákærða og D hinn [...] 2024 um kl. 12:30. Hún hafi þekkt ákærða í gegnum D, kærustu hans, en þær tvær hafi verið vinkonur frá því brotapolí hafi flutt austur árið [...]. Hún hafi varið miklum tíma með þeim tveimur og áður gist heima hjá þeim [...], hvort tveggja þegar hún hafi [...] og eins þegar áfengi hafi verið haft um hönd. Vel hafi farið á með henni og ákærða á þeim tíma og þau verið vinir. Einhvern tímann hafi hann þó verið reiður út í þær tvær og kýlt í hurð og vegg með ógnandi hegðun. Það hafi þó ekki haft áhrif á vináttu þeirra og hann beðist afsökunar. Í kjölfarið hafi hún oft verið með þeim og þau verið góðir vinir.

Fyrir dómi skýrði hún meðal annars frá deginum í aðdraganda [skemmtun]. Hún hafi svo að mestu varið kvöldinu með ákærða og D, en D hafi boðið henni með þeim og [...] á [skemmtun]. Þar hafi þau átt notalega stund og meðal annars rætt [...] og að brotapolí væri oft þriðja hjólið hjá þeim. Hún kvaðst ekki muna klukkan hvað D hafi farið heim. Mikið hafi verið drukkið á [skemmtun] og kvaðst hún oft hafa séð ákærða undir áhrifum áfengis. Hann hafi verið mjög drukkinn þetta kvöld, en alveg „í tengslum við umhverfið“, hafi getað spjallað og verið með á nótunum. Þegar á kvöldið hafi liðið hafi D sagt henni að hún ætlaði heim að sofa. Hún sjálf hafi síðan, að hún haldi þegar [skemmtun] hafi verið að klárast, á með nánar tilgreindum hætti fengið fylgd ókunnugrar stelpu sem hún nafngreindi. Þegar brotapolí hafi ein komið að [...] hafi hún fengið sér sæti neðst í stiganum. Eftir stutta stund hafi svo E komið af salerninu og síðar hafi ákærði og F komið. Þeir hafi allir sest við eldhúsbordið, spjallað og ætlað að spila. Þarna hafi klukkan verið 4:15, en það viti hún vegna myndar sem hún hafi tekið af þeim við borðið að spila. Hún sjálf hafi verið í símanum og setið í stiganum, en kvaðst halda að hún hafi fljótlega farið upp að sofa í herberginu beint upp af stiganum sem hún hafi alltaf sofið í. Hún hafi farið þangað inn, lokað að sér, dregið fyrir, skipt um föt, tekið sig til fyrir háttinn og sofnað strax. Hún sagði ekki sjást inn í herbergið þegar dyr þess væru lokaðar.

Nánar aðspurð um hvenær hún hafi farið heim af skemmtuninni greindi hún frá því að kl. 4:05 hafi hún verið búin að senda vinkonu sinni skilaboð um að hún væri komin heim og að fara að sofa, en kvaðst ekki vita hvenær hún hafi farið af [skemmtun]. Hún bar um að þekkja E en ekki F. Þeir hafi setið og spjallað og spilað spurningaspil, en hún kvaðst ekki muna hvort þeir hafi drukkið. Þeir hafi verið áfram niðri við borðið þegar

hún hafi lagst til svefns, sem hún giskaði á að hafi verið kl. 4:30–5. Hún kvaðst ekki átta sig á hversu langur tími hafi liðið frá því þau fjögur hafi öll verið komin að [...] þar til hún hafi farið að sofa. Hún kvaðst heldur ekki hafa séð E eða F fara um húsið eftir að þeir hafi verið komnir að borðinu og ekki muna eftir að hafa heyrt í þeim eftir það heldur bara sofnað strax.

Hún hafi svo vaknað við að einhver hafi verið kominn upp í rúm til hennar og strokið á henni rassinn. Það fyrsta sem hún hafi hugsað hafi verið að þetta væri ákærði, þar sem hann svæfi alltaf í þessu herbergi ef ekki væru gestir. Hönd viðkomandi hafi einnig farið á milli rasskinnanna. Síðan hafi viðkomandi reynt að troða typpinu í endaparm hennar. Hún hafi frosið í nokkrar sekúndur á meðan hún hafi áttað sig á hvað væri að gerast og svo fært sig frá, aðeins lengra upp í rúmið. Hann hafi svo fært sig nær henni og aftur reynt nákvæmlega það sama, en þá hafi hún fært sig upp að veggnum. Eftir það hafi hann ekki fært sig meira, en hún legið kyrr þar til hana hafi grunað að hann væri sofnaður. Kvaðst hún nánar aðspurð viss um að viðkomandi hafi snert hana með lim sínum og það tvisvar sinnum og að hönd viðkomandi hafi snert hana samtímis. Limur viðkomandi hafi verið harður og verið þrýst töluvert fast. Viðkomandi hafi komið strax á eftir henni þegar hún hafi fært sig og þá snert rass hennar með annarri hendinni og aftur þrýst typpinu. Það hafi verið fast og vont. Um hafi verið að ræða þrýsting en ekki hreyfingar fram og til baka. Eftir það hafi hún aftur fært sig, kvaðst ekki átta sig á því hversu langur tími hafi liðið á milli, en þetta hafi þó allt gerst mjög fljótt. Er hún hafi fært sig upp að veggnum hafi viðkomandi legið kyrr og hún legið hreyfingarlaus í nokkrar mínútur þar til hún hafi verið nokkuð viss um að hann væri sofnaður. Hún hafi verið hrædd með hjartað á „skrilljón“ og kvaðst ekki muna hvort hurðin hafi verið opin en það hafi verið myrkur. Viðkomandi hafi ekkert sagt. Hún hafi svo tekið fötin sín af gólfinu við enda rúmsins, símann sinn úr rúminu og farið niður.

Þá greindi hún frá því að viðkomandi hafi ekki verið í fötum, en kvaðst ekki vita 100% hvort hann hafi verið í brók eða sokkum. Hún hafi ekki séð hann og ekki fundið fyrir að viðkomandi hafi verið í brók. Brókin hefði þá verið „niður fyrir“ hafi hann verið þannig klæddur, en hún hafi ekki orðið vör við að viðkomandi hafi tekið niður brókina. Hann hafi virst vera með bert typpi. Viðkomandi hafi haft hönd sína á rassi hennar og reynt að færa rasskinnarnar í sundur er hann hafi reynt að þrýsta limnum að henni. Hún haldi hann hafa stýrt typpinu hinni hendinni, því ekki fari á milli mála þegar einhver stýri typpi „inn í rassinn á þér“. Typpið hafi allavega ratað á þann stað sem hún telji hann hafa verið að

reyna að koma því á. Þrýstingurinn hafi verið á endaparmsopið, en hún hafi ekki fundið til líkamlegra einkenna eftir þetta.

Eftir þetta hafi hún farið á fætur, tekið fötin sín og farið niður í sófann í stofunni. Þegar niður hafi verið komið hafi hún séð föt ákærða á gólfinu fyrir framan baðherbergið, en engan niðri. Hún kvaðst ekki muna hvort ljósin þar hafi verið kveikt. Þá hafi hún reynt að hringja í vinkonur sínar, C og L, en síðan í B, móður C, og loks í G, [...] C. Hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir hversu langur tími hafi liðið frá atburðinum þar til hún hafi byrjað að hringja, en einhverjar mínútur. Hún hafi setið í sófanum á meðan hún hafi reynt að ná í þau. G hafi svarað eftir að hún hafi fjórum sinnum reynt að hringja í hann. Hann hafi vakið C sem hafi sent henni skilaboð og spurt hvað væri í gangi. Hún hafi sagt C í grófum dráttum frá því sem hefði hent sig og beðið hana um að sækja sig. Stuttu síðar hafi hún fengið skilaboð frá henni um að þær L væru á leiðinni. Hún hafi svo hringt í þær og verið með þær í símanum þar til þær hafi komið. Á meðan hafi hún tekið fötin sín og dótið sitt, farið inn á klósett, læst að sér og skipt um föt, þ.e. farið úr bolnum sem hún hafi sofið í einum klæða. Hún hafi skolfið, grátið og verið hrædd á meðan hún hafi beðið.

Vinkonur hennar hafi komið inn fyrir þegar þær hafi komið á staðinn. Hún hafi beðið C að fara upp og sækja veski sem hún hefði gleymt í herberginu. Þegar hún hafi komið til baka hafi hún spurt hvort brotápoli vissi hver væri í rúminu, en hún svarað neitandi þar sem hún hefði ekki þorað að snúa sér við. Þá hafi C farið aftur upp og athugað betur, en ekkert sagt þegar hún hafi komið til baka, heldur hafi þær lagt af stað. L hafi ekið bíl brotáþola, en C og brotápoli farið saman á bíl C. Þær hafi ekið til [...] með stuttri viðkomu í bíl D til að skila lykllum og sækja dót sem brotápoli hafi átt þar. Þegar [...] hafi verið komið hafi þær farið heim til [...] C að [...]. Þær hafi setið í bílnum þar fyrir utan þegar C hafi spurt brotáþola hvort hún vildi vita hver hafi verið í gestaherberginu. Hún hafi svo verið í sjokki við að heyra frá C að það hafi verið ákærði. Hún hafi grátið enn meira og reiðst þar sem þau hafi verið vinir. Hún kvaðst ekki muna hvort L hafi þá verið komin í bílinn til þeirra, en hún hafi að minnsta kosti verið þar áður en þær hafi farið inn. Hún kvaðst telja C hafa þekkt ákærða í sjón þar sem hún hafi áður hitt hann. B, móðir C, hafi komið út til þeirra og spurt hvað væri í gangi og svo hafi þær farið inn í herbergi C og legið þar á meðan B hafi hringt á lögreglu, sem hafi verið „svólítið hennar“ ákvörðun. Lögreglan hafi svo komið og rætt við hana. Síðan hafi hún farið á lögreglustöðina og þaðan með sjúkrabíl til [...] í skoðun.

Brotapoli kvað hvorki hrifningu né nokkuð kynferðislegt nokkurn tímann hafa átt sér stað á milli hennar og ákærða og greindi aðspurð í þessu samhengi frá því að þau tvö hafi ekki horfið saman úr stofunni um nóttina. Þá hafi ekki verið önnur samskipti á milli þeirra eftir þetta en að hann hefði tvívegis sent henni skilaboð. Annars vegar [...] 2024 og síðan [...], en hún hafi hvorugum svarað. Fyrir dómi rakti hún efni skilaboða frá því um sumarið og sagði að við það að fá þau hafi hún farið aftur „á núllpunkt í líðan“, að minnsta kosti í smátíma eftir það. Þegar hún sjái nafn ákærða á skjánum hjá sér fari hjartað aftur á „skrilljón“ og hún svitni í lófunum.

Eftir atvikin hafi líðan hennar verið sveiflukennd. Hún hafi verið [andlegir hagir brotþola]. C, vinkona hennar, hafi talað um að hafa fundið mun á tengslum þeirra eftir þetta. Þá talist þær D ekki við eftir atvikið. Í dag hafi atvikið minni áhrif á hana, en hún finni enn fyrir [andlegir hagir brotþola]. Hún hafi farið í fimm skipti til sálfræðings eftir atvikið.

Hún kvaðst þekkja til þess að kjaftasaga hafi gengið um málið, en ekki vita hvort hún væri grófari en sakarefnið. Kvaðst hún muna vel eftir atvikum um nóttina og staðsetti sig sem fimm á skalanum einn til tíu til marks um ölvunarástand þegar hún hafi farið að sofa.

Við aðalmeðferð málsins lýsti sambyliskona ákærða, D, deginum í aðdraganda [skemmtun] og [skemmtun] [...] og morgninum eftir það. Hún bar í aðalatriðum um að brotþoli hefði komið á heimili þeirra í hádeginu og farið með þeim ákærða til [...]. Þá hafi [...] einnig verið með þeim og þær þrjár haft sig til áður en þau hafi farið [...] í fordrykk og svo á [skemmtun]. Hún, ákærði og brotþoli hafi [...] [skemmtun] og vel hafi farið á með þeim. Þær tvær hafi verið góðar vinkonur á þessum tíma og þekkst síðan [...]. Þær og ákærði hafi varið einhverjum tíma saman, en ekki miklum þar sem brotþoli hafi [...]. Þá bar D um að brotþoli hafi áður gist í gestaherberginu á heimili þeirra, en það herbergi sé uppi beint á móti stiganum. Hún kvaðst telja brotþola hafa sofið með lokaða hurð er hún hafi gist hjá þeim, eða að minnsta kosti með hallað að sér. Þegar borið var undir D, með vísan til skýrslugjafar hennar við rannsókn málsins, að hún hefði borið um að „allt hafi verið gott á [skemmtun]“ og að þær brotþoli hafi átt samtal um að brotþoli upplifði sig sem mikinn vin þeirra beggja og að þau hefðu varið miklum tíma saman, staðfesti hún að hafa borið á þann veg hjá lögreglu. Aðspurð um það fyrir dómi hvort þau þrjú hefðu verið miklir vinir á þessum tímamarki kvað hún sig og brotþola hafa verið mikla vini þá. Brotþoli hafi haft misjafnar skoðanir á ákærða á þessum tíma

þó svo að samband þeirra hafi verið gott, en D kvaðst ekki vita til þess að neitt hafi komið upp á milli þeirra. Hún kvaðst alls ekki telja nokkra hrifningu hafa verið á milli ákærða og brotþola, heldur bara vinasamband.

D bar um að hafa gengið heim af [skemmtun] um kl. 1 eftir miðnætti til að fara að sofa, en enginn viljað koma með henni. Hún hafi talað um það við brotþola að hún hafi verið með yfirhafnir úti í bíl og kvatt hana á [skemmtun]. Hún hafi einnig kvatt ákærða, sem ekki hafa virst drukknari en aðrir og ekki óvenjudrukinn á hans mælikvarða. Taldi hún sig hafa komið heim um kl. 2, gert sig tilbúna fyrir háttinn og farið að sofa. Hana rak ekki minni til þess hvort hún hefði sofið með lokaða hurð, en fannst það afar ólíklegt þar sem hún svæfi vanalega með hurðina opna. Enginn annar hafi verið í húsinu þegar hún hafi lagst til svefns. Hún hafi orðið vör við að ákærði hafi komið inn einhvern tímann næturinnar, en mundi ekki hvað þeim hefði farið í milli, þó það að hann hafi spurt hana einhvers, en hún farið aftur að sofa. Hún kvaðst heldur ekki muna hvernig hann hafi þá verið klæddur, kannski í brók og bol en kvaðst ekki viss um það, en ekki telja hann hafa verið nakinn. Almennt sofi hann á brókinni. Hún kvaðst halda að hann hefði svo farið aftur niður stigann, en ekki komið aftur upp í rúmið til hennar eða inn í svefnherbergið og hann hafi ekki verið sofandi þar við hliðina á henni þegar þau hafi vaknað um morguninn. Þegar hún var spurð, með vísan til skýrslugjafar hennar hjá lögreglu, hvort hún hafi borið um að hafa heyrt ákærða fara niður stigann og burstu tennurnar kvað hún það geta staðist. Þá bar hún fyrir dómi um að algengt hafi verið að ákærði hafi á þessum tíma sofið í gestaherberginu, aðallega þar sem þau hafi á þessum tíma verið [...]. Hún sjálf hafi líka stundum sofið þar, en ekki þau tvö saman heila nótt. Hún bar um að ákærði hefði vakið hana um morguninn og spurt hana hvort hún ætti von á einhverjum þar sem dyrabjöllunni hefði verið hringt. Hún hefði svo heyrt hann fara niður, en hann hefði ekki komið aftur og hún heyrt útidyrhurðina lokast. Eftir það hafi hún farið á fætur. Hún hafi séð föt ákærða á gólfinu á neðri hæð hússins.

Hún kvaðst telja það sem brotþoli sakaði ákærða um ekki geta verið rétt og taldi hana mögulega hafa haft ástæðu til þess að ljúga þessu, án þess að vita hvað hafi getað valdið því. Hún gat þess þó að brotþoli hefði oft talað illa um ákærða í hennar eyru og sagst finnast hann leiðinlegur. Í kjölfar atburðanna hafi hún beðið brotþola að hringja í sig þar sem hún hafi sagst vilja „vita eitthvað“. Brotþoli hafi svo hringt í hana tveimur dögum síðar og þær einnig átt einhver samskipti á Messenger. Í símtalinu hafi brotþoli sagt sér frá því að ákærði hefði komið upp í rúm til hennar og tekið utan um hana, hún

hafi fært sig til í rúminu, en það ekki virkað og þá hafi hún staðið upp og farið úr rúminu. Hún hafi einnig greint sér frá því að hún ætlaði að kæra ákærða, sem D hafi orðið mjög hissa á. Í Messenger-samskiptum einhverju síðar hafi brotápoli svo sagt henni að þetta „hafi verið aðeins meira en þetta“ og hún hugsað með sér „af hverju fékk ég þá ekki að vita það strax?“. Í þeim samskiptum hafi brotápoli sagt þetta hafa verið tilraun til nauðgunar, eða einhvers konar kynferðislegt áreiti. Bar D í þessu samhengi um að það hafi verið það fyrsta sem þau hafi heyrt, „ekki frá henni, heldur út frá ákærinni“ og það hefði D aldrei heyrt. Þá bar D einnig um að samskipti hennar og brotápoli hafi endað á því að brotápoli spurt hvort þær gætu hist þegar brotápoli kæmi heim [...] og hafi D sagt henni að láta sig bara vita þegar hún kæmi heim. Svo hafi D ekki heyrt neitt og því ekkert meira orðið úr þeirra samskiptum. Í upphafi hafi hún trúað frásögn brotápoli um að ákærði hafi lagst upp í rúm og brotápoli farið, en ekki þegar sagan hefði breyst.

Þá bar hún um að ákærði hefði tjáð sér eftir skýrslugjöfina [...] 2024 að hafa verið upplýstur um það í skýrslugjöfnum að vera gefin að sök kynferðisleg áreitni gagnvart brotápoli. Þær brotápoli hafi líklega átt símtalið á mánu- eða þriðjudegi eftir það. D hafi verið í sjokki og þau ákærði ekki verið í miklum samskiptum fyrst um sinn. Hann hafi ekki greint henni frá því [...] að hafa verið sakaður um að hafa þrýst getnaðarlim sínum að endanarmi brotápoli og hún því ekki vitað það þegar þær brotápoli hafi rætt saman. Hún hafi þurft að ná áttum og þau ákærði talað meira saman nokkrum dögum síðar. Ákærði hafi hætt að drekka eftir þetta og farið í meðferð.

Hún kvaðst ekki kannast við hvað brotápoli ætti við þegar borið var undir hana að brotápoli hefði sagt í skýrslugjöf hjá lögreglu að D hefði tjáð sér að hún vissi alveg hvernig ákærði væri þegar hann væri fullur og að D hefði alveg fengið hann upp í rúm til sín þegar hann vildi ríða. Það spjall hefði ekki farið fram.

Fyrir dómi kvaðst *E* ekki muna hvernig eða hvenær hann hafi farið heim til ákærða, en hann búi [...] og hafi mætt þangað í partý eftir [skemmtun]. Þegar borið var undir hann að í skýrslugjöf hjá lögreglu hafi hann sagt það hafa verið beint eftir ballið, kannski kl. 3:15 eða 3:30, kvaðst hann ekki telja sig hafa munað tímasetninguna betur þá, heldur fremur hafa „sirkað það út“. Fyrir dómi sagði hann ákærða og *F* þegar hafa verið komna heim til ákærða er hann sjálfur hafi mætt og brotápoli svo komið niður og sest í stigann. Þar hafi hún setið allan tímann, en þeir við eldhúsborðið. Ákærði hafi lesið upp spurningar úr Pub Quiz sem þau hafi spreytt sig á í einhvern tíma. Þau hafi öll spjallað og spilað, enginn dauður áfengisdauða og allir með á nótunum. Brotápoli hafi farið að

sofa eftir um það bil klukkutíma. Ákærði hafi farið á klósettið á svipuðum tíma og verið þar það lengi að þeir F hafi ákveðið að banka hjá honum. Eitthvað hafi svo orðið til þess að hann hafi ákveðið að athuga hvort brotþoli væri uppi, og bar svo um að það hafi hann gert þar sem ákærði hafi verið lengi á klósettinu og ekki svarað þegar þeir hafi bankað og þau tvö hafi farið á svipuðum tíma. Hann hafi kíkt inn í herbergið beint fyrir ofan stigann og séð hana liggja í rúmi þar inni. Hann mundi ekki hvort hann hefði séð framan í hana, en bar um að þetta hefði allavega verið hún, hún hefði virst sofandi og enginn annar verið í herberginu. Hann taldi að opið hefði verið inn til hennar, en verið gæti að hann hefði opnað þangað inn. Hann taldi það bara hafa tekið nokkrar mínútur að athuga með hana, hann hafi hlaupið upp, séð hana í rúminu og hlaupið aftur niður.

Er hann hafi komið niður hafi F verið farinn heim, en þeir tveir ekki kvatt hvorn annan og hafi hann ekki séð F fara. Hann hefði því reiknað með að hann hefði farið þar sem hann hafi ekki séð hann, nema hann hafi þá verið að fela sig. Ákærði hafi komið af klósettinu og þeir tveir verið einir á neðri hæð hússins og spjallað saman uns E hafi ákveðið að kveðja og fara heim. Hann hafi engan umgang heyrt meðan þeir tveir hafi spjallað. Aðspurður hvort það gæti staðist, sem hann hafi greint frá í lögregluskýrslu, að hann hafi farið heim kl. 5 eða 5:30, kvaðst hann ekki hafa hugmynd um það og halda sig aldrei hafa litið á klukku þetta kvöld. Hann kvaðst ekki vita hvort munur hefði verið á ölvunarástandi ákærða frá því fyrir um kvöldið borið saman við í lokin þegar þeir hafi kvaðst, en ekki halda það. Samskipti þeirra ákærða eftir að hann hafi komið af klósettinu hafi verið eðlileg og góð.

Hann kvað þá ákærða hafa verið vera vini síðan [...] og einnig að hafa [...]. Þeir hefðu einnig áður drukkið saman og kannaðist E ekki við það mynstur að ákærði ætti til að drepast áfengisdauga á klósettum. Kvaðst hann þekkja brotþola í gegnum [...] og eftir því sem hann þekkti til hefðu tengsl ákærða og brotþola verið þau að D og brotþoli hefðu verið vinkonur og „örugglega þá bara fín“. Hann kvaðst ekki muna hvort hún hefði drukkið úr viskípela sem gengið hefði á milli um nóttina. Honum hafi ekki þótt ákærði neitt sérstaklega drukkin. Kvað E ákærða hafa verið fullklæddan þegar E hefði farið heim til sín og hafa verið niðri hjá þeim allan tímann, að frátalinni klósettferðinni. Kvaðst hann heldur ekki halda að brotþoli hafi verið áberandi drukkin og ekki vita neitt um hrifningu milli þeirra tveggja. Hann hafi frétt af atvikum um tveimur dögum síðar þegar brotþoli hafi hringt í [...], en ekki hafa fengið að vita nein smáatriði. Þeir ákærði hafi verið í miklu sambandi á þessum tíma, en hann hélt að þeir hefðu ekki rætt þetta atvik.

Við aðalmeðferðina bar *F* um að þeir ákærði hefðu komið saman heim til ákærða og þar fyrir í eldhúsinu hefði einn strákur verið og brotaþoli. Hún hafi setið í stiganum, þeir þrír hafi sest við eldhúsborðið, þau spjallað og drukkið. Strákurinn, sem hann mundi ekki hvað heitir, hafi setið sér á hægri hönd, og minnti *F* að hann byggi þar rétt hjá. Kvaðst hann ekki hafa upplifað að fólk væri mjög drukkið og þar af bar hann um að geta ekki ráðið í þess háttar ástand ákærða eða geta sagt til um hvort einhver hafi ekki verið „með á nótunum“. Hann sjálfur hafi verið nokkuð drukkinn.

Á einhverjum tímapunkti, þegar hann og strákurinn hafi verið að spjalla, hafi *F* tekið eftir að bæði ákærði og brotaþoli væru farin, og svo hafi málrómur heyrst innan af baðherbergi. Strákurinn hafi bankað á hurðina því hann hafi talið þau vera saman þar inni og það hafi *F* einnig gert. Innandyra hafi hann heyrt ákærða tala, en ekki neina kvenrödd og hafi hann kallað inn um hurðina. Taldi hann sig hafa verið þar fyrir utan í um tíu til fimmtán mínútur ef hann ætti að skjóta út í loftið, jafnvel styttra ef hann ætti að giska. Strákurinn hafi talað um að fara upp og ná í *D* og kallað það inn um hurðina. Kvaðst *F* ekki vita hvert strákurinn hafi svo farið, eða hvort hann hafi farið heim á undan *F*. Hann hafi ekki hitt hann eftir að strákurinn hafi farið frá hurðinni og heldur ekki hafa séð ákærða koma út af baðherberginu. Hann kvaðst halda strákinn hafa farið upp, en sjálfur hafi *F* ákveðið að ganga heim til sín þar sem þetta hafi verið komið gott, sem hann hafi gert. Hann rak ekki minni til þess klukkan hvað það hafi verið, en „þokkalegt labb“ þangað. Hann kvaðst telja ákærða, *D*, brotaþola og strákinn hafa verið í húsinu þegar hann hafi farið. Hann geri ráð fyrir að brotaþoli hafi snúið sér við í stiganum og farið upp, en sagði strákinn ekki hafa verið í dagrýminu þegar *F* hafi farið. Taldi hann það geta staðist að hann hafi verið kominn heim til sín um kl. 5, líkt og hann hafi borið um hjá lögreglu, [...]. Þá kvað hann það stemma að ákærði hafi við komuna að [...] tjáð sér að *D* væri sofandi í herbergi á efri hæðinni.

*C* bar um það fyrir dómi að [...], sem er *G*, hafi vakið hana um nóttina og sagt frá því að brotaþoli væri að reyna að ná sambandi við hana. Hún hafi því farið í símann og fengið skilaboð frá brotaþola. Hún hafi greint sér frá því sem gerst hafi og því hafi hún og *L*, vinkonur brotaþola, ekið til [...] að sækja hana. Hún taldi það hafa verið einhvern tímann á bilinu kl. 4–5 um nóttina. Spurð um þær tímasetningar miðað við það sem hún hefði greint frá í skýrslugjöf hjá lögreglu kvað hún það fremur passa að þær hafi lagt af stað

kl. 6:02 í kjölfar þess að [G] hafi vakið hana kl. 5:50. Hún hafi sagt brotþola að læsa sig inni á salerni á meðan hún biði þeirra. Hún kvaðst ekki muna hvað þeim hefði farið á milli í skilaboðum sem þær hafi sent sín í milli, en hún eigi skilaboðin til hjá sér. Brotþoli hafi hágrátið allan tímann í símann þegar vinkonurnar hafi ekið til hennar. Hún hafi skýrt henni frá því í símtali þeirra að brotið hefði verið gegn henni.

Þegar að [...] hafi verið komið hafi þær farið inn fyrir og hitt þar brotþola í anddyri hússins og spurt hana hvað gerst hefði. Hafi brotþoli grátið og skolfið. Hún hafi beðið C um að fara á efri hæð hússins til að ná í veskið sitt og eitthvert dót. Það hafi hún gert með kveikt á vasaljósinu á símanum sínum og fundið veskið í fyrsta herberginu á efri hæðinni þegar komið sé upp stigann. Hana kvaðst minna að hún hafi fundið það þar annað hvort á nátt- eða skrifborði. Þá kvaðst hana minna að þegar hún hafi verið komin niður hafi hún spurt brotþola hvort hún vissi hver þetta væri, en brotþoli svarað neitandi. Því hafi hún ákveðið að fara aftur upp í herbergið með kveikt á vasaljósinu, því hún hafi viljað sjá hver hefði brotið gegn brotþola. Þar hafi hún séð ákærða liggja sofandi í rúminu. Hafi hún þurft að taka sængina frá andliti hans til að sjá hver þetta væri, en hann engin viðbrögð sýnt við því. Hún kvaðst hafa þekkt ákærða vel í sjón og hafa vitað hver hann væri, þar á meðal í gegnum brotþola og eins þegar hann hefði verið úti á lífinu. Hún kvaðst aðspurð ekki muna eftir að hafa séð síma í herberginu.

Þær hafi svo farið á bíl C til að sækja bíl brotþola, sem L hafi síðan ekið, og þær allar til [...]. Brotþoli hafi skolfið alla ferðina og ekkert náð að tala. Þegar þær hafi lagt utan við heimili C hafi hún brotnað nær alveg niður og sagt frá því hvað gerst hefði. Þá hafi móðir C verið að vakna og komið út, en á þeim tíma hafi L verið komin í bílinn til þeirra. C og móðir hennar hafi náð brotþola inn fyrir á heimili þeirra að [...] og móðir C hringt á lögregluna sem hafi komið. Brotþoli hafi í kjölfarið verið spurð spurninga, einnig á lögreglustöð og svo verið flutt í sýnatöku hjá lækni [...].

C bar um að hafa sagt brotþola frá því hvern hún hafi séð í herberginu þegar þær hafi verið staddar fyrir utan [...]. Brotþoli hafi reiðst mikið við að heyra hvern C hefði séð, skolfið enn meira og grátið. Þegar brotþoli hafi lýst brotinu hafi hún tjáð henni að hafa verið nýsofnuð þegar einhver hafi komið upp í rúm til hennar, aftan að henni, og reynt að stinga typpinu í rassinn á henni. Hún hafi reynt að færa sig undan, en þá hafi viðkomandi reynt aftur. Svo hafi hún farið á neðri hæð hússins og reynt að hringja. Aðspurð um framburð sinn um þessi atriði hjá lögreglu sem lesinn var upp við

aðalmeðferðina, hvar brotþoli hafi tjáð henni á nánar tiltekna vegu að hafa þrívégis fært sig frá viðkomandi, kvaðst hún staðfesta að rétt væri eftir henni haft.

Hún greindi frá því við aðalmeðferðina að þær brotþoli hafi þekkt í um [...] ár. Hún væri sterkasta manneskja sem hún þekkti, væri góð, frábær [...] og gáfuð. Hún hafi aldrei séð hana í viðlíka ástandi og þarna, hvorki fyrr né síðar. Þá hafi hún ekki orðið sök eftir þetta og hafi atvikið brotið hana. Hún hafi átt slæma og góða daga og eitthvað „fór úr henni“. Aðspurð um hvort hún kannaðist við kjaftasögu af atvikinu kvaðst hún hafa heyrt að fólk hafi frétt af því en bar um að vita ekki meira um það.

Fyrir dómi bar L um að hafa vaknað að eldsnemma um morgninum við símhringingu frá C, en þá hafi brotþoli þegar verið búin að reyna að hringja tvisvar eða þrisvar sinnum. C hafi sagt brotþola hafa verið nauðgað og að þær þyrftu að sækja hana. Þær hafi svo sennilega verið í samskiptum á meðan C og L hafi ekið til brotþola. Henni hafi fundist þær vera lengi á leiðinni [...]. Nánar aðspurð út í það, með vísan til framburðar vitnisins hjá lögreglu, að þær hafi verið með brotþola í símanum á leið til [...] kvað hún það geta verið, en nokkuð sé liðið frá atvikum og kvaðst hún búin að vera að reyna „að grafa þetta niður“, þetta hafi örugglega verið eins og hún hafi lýst hjá lögreglu. Hún kvaðst þó ekki muna hvort brotþoli hafi verið í símasambandi við C eða sig. Þegar þær hafi komið að [...] hafi þær farið inn í forstofu. Brotþoli hafi virkað brotin á sál og líkama og sjáanlega verið í uppnámi. Hún hafi titrað og henni hafi liðið ömurlega. C hafi sótt veski brotþola í gestaherbergið á 2. hæð hússins og svo síðar aftur athugað hver það hafi verið sem legið hafi í herberginu. L hafi sjálf engan séð í húsinu þegar hún hafi farið inn fyrir.

Hún bar einnig um að hafa ekið bíl brotþola [...]. Þær þrjár hafi svo farið heim til C að [...] og þegar þær hafi verið þar fyrir utan í bíl C hafi C sagt brotþola hver verið hafi í gestaherberginu. C hafi verið búin að segja L frá því að um ákærða hafi verið að ræða er þær hafi verið í bíl brotþola [...] eftir að hafa komið frá [...]. Þegar brotþoli hafi heyrt frá C að ákærði hafi verið í rúminu hafi hún farið að gráta, barið í hanskahólfið og verið gjörsamlega brotin. Þá hafi brotþoli sagt frá því að einhver hafi komið upp í rúm til sín og reynt tvívégis að stinga typpi sínu í rass hennar, en hún muni ekki hvort það hafi svo gerst aftur eða ekki. Hún hafi frosið og svo náð að koma sér inn á baðherbergi til að hringja. Hún hafi reynt að hringja í þær C, en þegar þær hafi ekki svarað hafi hún hringt í G. Þær hafi svo farið inn að [...] og B, móðir C, hringt á lögreglu sem hafi komið og tekið skýrslu af þeim. Brotþoli hafi svo farið með sjúkrahól [...] .

Hún kvaðst hafa heyrt nákvæma frásögn brotþola af atvikum þegar þær hafi verið heima hjá B [...] og búnar að ná í brotþola. Erfitt hafi verið að tala við brotþola þegar þær hafi hist [...] og í símanum á leiðinni þar sem hún hafi átt mjög erfitt með sjálfa sig. Hún kvaðst muna hvað þær hafi rætt við hana í símann á leið til hennar, en sennilega verið með hana í símanum þótt hún muni ekki eftir símtalinu.

Aðspurð um frásögn sína í skýrslugjöf hjá lögreglu um hvernig brotþoli hafi greint L frá atvikum um nóttina kvaðst hún telja þá frásögn vera rétta lýsingu. Er hún var spurð út það að hún hafi þá sagt manninn hafa reynt að setja typpið þrisvar sinnum í endaparm brotþola, en fyrir dómi segði hún að brotþoli hafi sagt það hafa gerst tvisvar eða þrisvar, sagði hún að langt væri um liðið og að hún væri ekki viss. Hún væri búin „að grafa þetta niður“ en telji sig hafa sagt satt og rétt frá hjá lögreglu. Þegar borið var undir L, með vísan til þessa framburðar hennar hjá lögreglu, hvort verið gæti að hún hefði heyrt frásögn brotþola þegar þær hafi verið staddar [...], greindi hún frá því að í dag minni hana að hún hafi heyrt þetta almennilega þegar hún hafi verið í bílnum fyrir utan heima hjá C [...]. Þá staðfesti hún einnig að telja sig hafa sagt satt og rétt frá að þessu leyti hjá lögreglu.

L greindi einnig frá því að brotþoli væri sterk týpa sem léti ekkert yfir sig ganga, gæti alltaf svarað fyrir sig. Hún væri yndisleg manneskja sem hefði hjálpað L gríðarlega mikið. Hún hefði aldrei séð hana í viðlíka ástandi og þarna. Þær tvær hafi kynnst [...] árið [...] og hafi átt í miklum samskiptum síðan atvikið hafi hent hana. Hún sé ekki sama manneskjan og sú sem hún hafi kynnst. [andlegir hagir brotþola]. Hún hafi breyst eftir þetta.

B bar um það fyrir dómi að þegar hún hafi vaknað um kl. 8 að morgni [...] 2024 hafi heyrt í bíl í gangi fyrir utan heimili sitt að [...]. Á þeim tímapunkti hafi hún ekki haft upplýsingar um hvað gerst hefði. C, brotþoli og L hafi verið í bílnum og þar hafi B hitt brotþola í mikilli geðshræringu. Hún hafi verið í farþegasæti bílsins frammi í. C og L hafi greint B frá atvikum, en brotþoli ekki verið í ástandi til að tala. B sjálf hafi ekki vitað hvað gera skyldi en hafi spurt brotþola hvort hún mætti hringja á neyðarlínu. Brotþoli hafi kinkað kalli við því og hafi B því hringt á neyðarlínu og lögregla komið mjög fljótlega. Stelpurnar hafi svo komið inn fyrir og farið inn í herbergi og þangað hafi komið tveir lögreglumenn sem rætt hafi við þær. Hún kvaðst ekki muna hversu lengi L hafi stoppað innandyra, en hún [...].

B kvað brotþola hafa hringt í [...] B, G rétt fyrir kl. 6 um morguninn og að [...] hafi verið vakandi um kl. 8 þegar B hafi komið fram. Brotþoli hafi dvalist á heimili vitnisins næstu tvo sólarhringa, en lítið tjáð sig, verið í mikilli geðshræringu og ofboðslega illa farin. B bar einnig um að hafa ekki þekkt brotþola um langa hríð fyrir atvikið. Brotþoli og dóttir B hafi orðið vinkonur og brotþoli verið mikið á heimili þeirra [...]. Það hafi verið ólíkt henni að vera í svo miklu uppnámi og kvaðst B hvorki fyrir né síðar hafa séð manneskju í svona ástandi.

Fyrir dómi sagði G frá því að hafa vaknað við símhringingu frá brotþola rétt fyrir kl. 6 að morgni [...] 2024. Hann hafi heyrt á brotþola, sem hafi grátið, að hún væri í miklu uppnámi. Hún hafi þó ekki tjáð honum hvað gerst hefði, en beðið hann um að vekja C, sem hann hafi gert. Hann hafi verið með einhver ósvöruð símtöl frá henni fyrir það. Allir aðrir á heimilinu hafi verið sofandi er hann vaknaði, en hann telji brotþola hafa verið búna að hringja í alla aðra á heimilinu.

*Læknirinn O*, sem framkvæmdi réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola [...] 2024 ásamt P ljósmóður, bar fyrir dómi um að hafa reynslu af móttöku brotþola vegna kynferðisbrota. Brotþoli hafi verið stressuð og kvíðin við komuna á spítala og sagst óttast að fara út úr húsi. Hún hafi verið mjög skýr og engin vandamál verið í samskiptum við hana. Eini áverkinn á henni hafi verið roði beint ofan við endaparmsop, en ekki hafi verið roði í kringum opið eða fyrir neðan það. Hann hafi ekki skoðað sjálfan endaparminn, það hafi ljósmóðirin gert. Hann hafi eingöngu séð þennan roða og það með berum augum. Ljósmyndir af áverkanum hafi örugglega verið teknar af ljósmóðurinni. Hann kvað svona áverka sjást vel á mynd.

Hann kvað áverkann geta hafa verið eftir högg, eftir eitthvað hart, eins og afli hafi verið beitt á svæðið. Hann kvaðst bara geta staðfest að roðinn hafi verið til staðar, en tók fram að hann gæti ekki fullyrt hvernig hann hefði komið til. Hann hafi litið út fyrir að vera frá nokkurra klukkustunda gamall til þess að vera 48 klukkustunda gamall og útskýrði að áverki af þessu tagi byrjaði að gróa eftir 48 klukkustundir. Einhverjir gætu fundið fyrir svona áverka, en hann hafi ekki litið út fyrir að vera sársaukafullur. Hvort getnaðarlimur gæti hafa valdið áverkanum kvaðst læknirinn ekki hafa séð svona áverka áður og gæti því ekki sagt til um það. Hvort getnaðarlimur væri nægilega öflugt verkfæri til að valda svona roða einhvers staðar á líkamanum kvað læknirinn umrætt svæði vera

viðkvæmara en til að mynda handlegg eða fótlegg, en áréttaði að hann hefði ekki reynslu af svona áverka og gæti ekki fullyrt um tilurð hans. Greindi hann þó frá því að telja svona roða ekki myndu koma til við venjuleg kynmök, heldur með þvingun. Afl um einhvern tíma þyrfti til að valda honum og nefndi lækurinn í því sambandi tvær mínútur. Áverkinn væri á hinn bóginn ekki af því tagi sem kæmi til við niðurgang, exem eða vegna einhvers slíks, því hann væri ofan við það svæði sem niðurgangur mynda valda roða á. Áverkinn samræmdist því að hafa komið til vegna fatnaðar, þrýstings, högga eða nuddáverka. Brotapoli hafi ekki haft sár, húðin hafi verið rauð, en heil.

Aðrir áverkar hafi ekki greinst á brotapolu og aðspurður um hvort mælingar á líkamshita og blóðþrýstingi hennar segðu eitthvað til um ástand hennar kvað hann þær mælingar frekar til marks um andlega líðan brotapolu en áverka. Þá bar hann um að skorta sérþekkingu til að svara spurningu um hvort lífsýni af manni myndu finnast á konu ef maðurinn myndi þrýsta getnaðarlimi sínum að rassi hennar og taldi kynsjúkdómalækni ef til vill fremur þurfa að svara spurningu um nauðsyn á notkun sleipiefna þegar reynt væri að þvinga getnaðarlim í endaparm.

Við aðalmeðferðina bar *P ljósmóðir*, sem framkvæmdi fyrrgreinda réttarlæknisfræðilega skoðun á brotapolu ásamt læknum O, um reynslu sína á neyðarmóttöku brotapolu í kynferðisbrotamálum [...]. Hún sagði brotapolu hafa skolfið mikið við komu á sjúkrahúsið, verið með hraðan púls, hún hafi virkað óttaslegin og svolítið fjaræn. Hún hafi gefið skýra frásögn en farið svolítið fram og til baka. Brotapoli hafi sagst vera eftir sig vegna þeirrar reynslu sem hún hefði orðið fyrir. Bar vitnið um að einkenni af þessu tagi væru algeng á neyðarmóttökunni. Hinn hraði púls, en hún hafi verið 100 í púls, sé merki um óttaviðbrögð. Þá greindi hún frá því að hún hafi skráð gátlistann í skýrsluna um hina réttarlæknisfræðilegu skoðun brotapolu, en hún og lækurinn saman aflað upplýsinga. Það sem haft sé eftir brotapolu í skýrslunni hafi hún skrifað orðrétt eftir henni.

Hún bar um að hafa séð áberandi roða við endaparmsop brotapolu með berum augum. Roðinn hafi strax sést þegar brotapoli hafi verið skoðuð vel í skoðunarstól, sem gert hafi verið frá mismunandi sjónarhornum, og þá hafi hún sjálf tekið fyrirbyggjandi myndir af brotapolu. Áverka af þessu tagi kvað hún sjást betur berum augum, en hún hafi reynt að mynda hann vel. Þetta svæði sé þó flókið og leitað sé eftir sprungum og einnig áberandi litabreytingum á húð í skoðun. Merkt sé við allt óeðlilegt, en roðinn hafi verið það eina

sem þau hafi séð. Yfirleitt sé litamismunur af þessu tagi ekki eðlilegur og hafi roðinn verið áberandi og ekki vafamál að hans ætti að geta í skýrslunni.

Þá bar hún um að hafa tekið sýni af brotaþola, sem engar sæðisfrumur hafi fundist í, og sem hafi verið samræmi við frásögn brotaþola. Lífeindafræðingur hafi verið kallaður út til að skoða sýnið í smásjá til að staðfesta hvort sæðisfrumur myndu eða ekki. Þá bar hún um það á nánar tiltekinn hátt að þar sem merkt væri „? Nuddspurning“ í skýrslu þeirra væri til marks um að nuddáverki hafi verið það eina sem kannski hafi getað komið til greina, en áverkinn hafi getað samrýmt lýsingu brotaþola. Hvort áverkinn gæti samrýmt því að hafa komið til á annan máta en í samræmi við frásögn brotaþola kvað hún erfitt fyrir sig að svara því og áréttaði að hann samræmdu frásögn brotaþola.

Fyrir dómi bar *lögreglumaður I*, svo um aðkomu sína að málinu að hafa verið beðin um að fara [...] til að handtaka ákærða og færa hann til skýrslugjafar á lögreglustöð. Hún hafi komið til þessa að heimili hans að morgni [...] 2024 ásamt tveimur nafngreindum lögreglumönnum og hafi ákærði tekið á móti þeim eftir að þau höfðu dinglað tví- eða þrívegis. Hann hafi komið til dyra á nærbuxum einum klæða og þau farið inn fyrir. Hana kvaðst minna að hinir lögreglumennirnir hafi fyrst farið með ákærða á efri hæð hússins, svo hann gæti sótt sér föt, og svo hafi þau aftur farið upp þar sem ákærði hafi vilja sækja símann sinn. Hún kvaðst ekki muna hvert hann hafi sótt símann og verða að vitna um það til fyrirbyggjandi aðkomuskýrslu, sem hún staðfesti fyrir dómi að hafa ritað næsta dag. Ákærði hafi virst drukkinn eða allavega hafi verið áfengisþefur af honum. Hann hafi virst vel áttaður, en þó smá ringlaður og gat lögreglumaðurinn um að telja lögreglu hafa vakið ákærða.

Með vísan til sömu skýrslu staðfesti lögreglumaðurinn að hún og lögreglumaður J hafi farið á efri hæð hússins svo að ákærði gæti sótt símann. Hann hafi sótt hann í herbergi beint á móti stiganum en önnur herbergi væru öll til hægri. Einnig kvaðst lögreglumaðurinn muna eftir að hafa séð bjórdósir á eldhúsbörði og karlmannsföt á gólfinu. Kvaðst lögreglumaðurinn hafa munað þetta þegar hún hafi ritað aðkomuskýrsluna [...] 2024.

Fyrir dómi bar *lögreglumaður N* um aðkomu að málinu á rannsóknarstigi sem falist hafi í útkalli og hefðbundinni rannsókn. Hann hafi komið að málinu sama morgun og það hefði komið upp, en mundi ekki hvort hann hefði rætt við brotaþola þá um daginn. Hann

hafi tekið flestar eða allar skýrslur í málinu eða komið að þeim með einhverjum hætti. Hvað viðkom skýrslutökum bar hann meðal annars um að ákærði hefði strax í upphafi borið um að muna ekki eftir atvikinu, þessu kvöldi eða nóttinni, og rak hann ekki sérstaklega minni til þess að eitthvað í rannsókninni hefði farið gegn framburði brotþola. Rannsókn hafi meira snúið að því sem brotþoli hafi borið um þar sem, ef hann muni það rétt, ákærði hafi eiginlega ekkert munað eftir samskiptum. Hann hafi sem stjórnandi rannsóknarinnar tekið lífsýni frá ákærða og brotþola og sent í rannsókn. Tæknideild kynni hinn bóginn niðurstöður rannsókna á DNA-sýnum fyrir rannsóknardeild. Þá bar hann um að hafa mikla reynslu af rannsókn kynferðisbrota og miðað við hana hafi það ekki komið sér á óvart að lífsýni af brotþola hafi ekki fundist á ákærða eða lífsýni af ákærða á brotþola því það gerist bæði að slík sýni finnist og ekki. Þá kvaðst hann ekki hafa þekkingu til að meta hvort líkur væru á hvort lífsýni myndast af öðru á hinu þegar getnaðarlimur væri settur að endanum.

Þá staðfesti hann að hafa unnið fyrirleggjandi skýrslur um skjáskot úr búkmyndavél lögreglu og ljósmyndaskýrslu [...] og að hafi hann sjálfur tekið þær ljósmyndir á vettvangi sem væri að finna í síðari tilgreindu skýrslunni. Texta undir neðri myndinni í skýrslunni af skjáskoti úr búkmyndavél lögreglu „[á] mynd sést er sakborningur fær að ná í farsíma sinn inn í herbergið beint á móti stiganum upp á efri hæð. Það er herbergið sem hið meinta brot er sagt hafa átt sé stað í. Í þessu herbergi svaf brotþoli/kærandi máls“ kvað lögreglumáðurinn skrifaðan af sér. Textinn hafi verið unninn upp úr upptöku búkmyndavélarinnar og úr frásögn lögreglumanns sem farið hafi á vettvang. Textinn við myndirnar úr myndaskýrslunni frá vettvangi sé svo bara skýringartexti við þær. Þá vísaði lögreglumáðurinn meðal annars á það herbergi í skýrslunni sem brotþoli sé sögð hafa gist í og svaraði einnig nánari spurningum um skýrsluna um skjáskotin úr búkmyndavél lögreglu.

Þá staðfesti hann sömuleiðis að hafa annast skýrslurnar tvær sem ákærði hafi gefið hjá lögreglu [...] 2024 og [...] sama ár, sem og skýrsluna sem brotþoli hafi gefið [...] 2024. Bar hann meðal annars um að þær hafi gengið eðlilega fyrir sig.

Loks gaf *M sálfræðingur* skýrslu fyrir dómi, þar á meðal um vottorð, dags. 2. júlí 2025, sem hún hafi ritað vegna brotþola. Bar hún um [...] starfsreynslu sína sem klínískur sálfræðingur og að auki að hafa nýverið lokið sérfræðinámi í hugrænni atferlismeðferð. Sömuleiðis um að í vottorðinu birtust niðurstöður úr viðtölum hennar

við brotþola sem hafi verið vísað til hennar af Heilbrigðisstofnun Austurlands, og verið tekið fram vegna [andlegir hagir brotþola] í kjölfar áfalls. Þegar brotþoli hafi komið til sálfræðingsins hafi sálfræðingurinn metið og áttað sig á um hvaða áfall væri að ræða og hver einkenni þess væru, en hún hafi ekki haft upplýsingar um áfallið þegar brotþola hafi verið vísað til hennar. Brotþoli hafi lýst ákveðnum einkennum sem samræmist greiningarskilmerkjum fyrir áfallastreituröskun sem rakin séu í vottorðinu. Upplifun og viðbrögð hennar samrýmist þeim viðmiðum sem lögð séu til grundvallar fyrsta viðmiði áfallastreituröskunar. Röskun af því tagi sé alltaf metin með vísan til og út frá tilteknu áfalli og séu þau einkenni sem greinst hafi hjá brotþola verið metin með vísan til þess brots sem hún hafi greint frá að hafa orðið fyrir af hálfu ákærða. Brotþoli hafi komið til hennar í fimm skipti og mat sálfræðingsins að mestu byggst á frásögn og klínísku mati. Þá hafi sálfræðingurinn stuðst við spurningalista sem kallist PCL5 við að meta einkennin og hafi sett niðurstöður hans í vottorðið. Aðspurð um árangur af samtalsmeðferð þeirra bar sálfræðingurinn um að í síðasta viðtalinu hafi hún talið hlutina vera batnandi. Eftir að sálfræðingurinn hafi útskrifað brotþola hafi hún á hinn bóginn aftur haft samband og lýst versnandi líðan, en þá hafi sálfræðingurinn [...]. Hún hafi því ekki hitt hana aftur og vísað henni til annarra sálfræðinga.

Sálfræðingurinn kvaðst hafa skynjað vanlíðan brotþola af eigin reynslu og að brotþoli hafi lýst mikilli vanlíðan og mikilli breytingu á líðan í kjölfar áfallsins sem haft hafi talsvert víðtæk áhrif á hennar líf. Tilfinningatjáning hennar hafi verið algjörlega í samræmi við sem hún hafi lýst, en sálfræðingurinn kvaðst ekki muna hvort brotþoli hafi tekið einhver lyf vegna vanlíðanarinnar. Þá kvaðst hún heldur ekki muna hvort brotþoli hefði orðið fyrir öðrum sambærilegum áföllum í lífi sínu, en bar í kjölfarið um að mat sitt og vottorð lyti að því tiltekna atviki sem brotþoli hefði greint sér frá.

### III

Ákærði er sakaður um nauðgun með því að hafa haft önnur kynferðismök en samræði við brotþola án hennar samþykkis í gestaherbergi á heimili hans. Samkvæmt ákæru er hann sakaður um að hafa komið inn í herbergið þar sem hún hafi legið sofandi ber að neðan og lagst nakinn við hlið hennar en hún hafi vaknað við að hann hafi káfað á rassi hennar með hendinni og sett getnaðarlim sinn við endaparmsop hennar og reynt með þeim hætti í tvígang að þröngva getnaðarlimnum í endaparm hennar þrátt fyrir að hún hafi fært sig frá honum. Hann hafi ekki látið af háttseminni fyrr en hún hafi fært sig frá honum í annað skiptið. Af þessu hafi brotþoli hlotið roða við endaparmsop.

Sýknuröksemdir ákærða eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi er talið ósannað að refsivert brot hafi átt sér stað. Í annan stað eigi að sýkna óháð því hvort brotþoli hafi orðið fyrir kynferðisbroti í umrætt sinn, þar sem ósannað sé að ákærði hafi verið þar að verki. Þá eigi í þriðja lagi að sýkna þar sem jafnvel þó svo að lagt yrði til grundvallar að brotþoli hefði orðið fyrir þeirri atlögu sem lýst sé í ákæru og að ákærði hafi átt þar hlut að máli, þá sé ósannað að ásetningur hans hafi staðið til þess að beita brotþola kynferðisbroti.

Við úrlausn málsins leggur dómurinn til grundvallar að ekki er til að dreifa annarri beinni frásögn af sakargiftum en frásögn brotþola. Eins og rakið er í kafla II dómsins greindi hún frá þeim atvikum við aðalmeðferð málsins, en í þinghaldinu rak ákærða ekki minni til þess hvað hann hefði haft fyrir stafni eða hvar hann hefði haldið sig frá því einhvern tímann á [skemmtun] þar til lögregla hringdi dyrabjöllunni á heimili hans næsta morgun. Báru þau bæði efnislega á sams konar lund á rannsóknarstigi. Ákærði hefur fyrir dómi staðfastlega neitað ákæruatriðum og lýst þeirri skoðun að hann tryði því ekki að hann hefði brotið gegn brotþola. Hann hafi í upphafi ekki rengt frásögn hennar, en síðar orðið það ljóst að frásögnin væri ekki endilega rétt. Þá liggja einnig fyrir frásagnir vitna fyrir dómi um hvað fram fór á heimili ákærða þessa nótt, sem og frásagnir lögreglumanna, heilbrigðisstarfsfólks og annarra vitna fyrir dómi um hvað brotþoli tjáði þeim að morgni dags [...] 2024, síðar þann dag og næstu daga. Þá er til þess að líta að frásagnir af því sem brotþoli tjáði öðrum [...] 2024 er einnig að finna í skýrslum lögreglu og öðrum gögnum málsins.

Við mat á því hvað telst sannað í málinu gætir dómurinn að því á grunni 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð, en regla þessi birtist einnig í 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög um sáttmálann nr. 62/1994. Þá er við það mat sem endranær einnig haft hugfast að samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, á ákæruvaldinu. Samkvæmt 109. gr. þeirra laga metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt ákærða, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi, sem og skjöl og önnur sönnunargögn.

Samkvæmt dómaframkvæmd geta skýrslur vitna, sem ekki hafa skynjað atvik af eigin raun, haft þýðingu að því marki að unnt sé að draga ályktanir um sakarefnið af framburði

þeirra. Einnig er til þess að líta að samkvæmt 115. gr. sömu laga metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Jafnframt metur dómari sönnunargildi vitnisburða við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn, sbr. 126. gr. laganna. Þá hefur einnig verið lagt til grundvallar í dómaframkvæmd að þegar framburður ákærða eða brotþola er metinn verði og að huga að innra samræmi framburðar, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn. Samhliða verður að kanna ytra samræmi framburðar sem beinist að því að virða hann í ljósi annarra upplýsinga sem komið hafi fram við málsmeðferð, þar með talinn framburð annarra. Á þessum grunni er metið hvort framburður er trúverðugur og hvaða áhrif það hefur með tilliti til annarra sönnunargagna.

Ákærði var fyrir dómi afdráttarlaus um að muna ekki eftir sér frá því einhvern tímann á [skemmtun] allt til morguns þegar dyrabjallan á heimili hans hafi hringt. Heldur ekki hvar hann hafi vaknað þennan morgun, en bæði ákærði og D, sambýliskona hans, greindu frá því fyrir dómi að ákærði hafi vakið hana til að spyrja hana hvort hún ætti von á einhverjum þegar dyrabjallan hafi hringt. Að því leyti bar D um það fyrir dómi að ákærði hafi ekki verið sofandi í rúminu við hlið hennar um morguninn og í skýrslugjöf hjá lögreglu nánar um að hafa fyrst vaknað kl. 8:40–9 og ákærði ekki verið við hlið hennar í rúminu og svo aftur þegar hann hafi vakið hana eftir dyrabjölluhringinguna kl. 9:30–10. Þá bar ákærði um það við aðalmeðferð málsins að þeir lögreglumenn sem stjórnað hafi skýrslutöku yfir honum [...] 2024 hafi fyrir hana eitthvað talað við hann, en hann kvaðst ekki muna um hvað. Þegar hann var spurður fyrir dómi hvort hann hafi munað það í þeirri skýrslugjöf að E og F hafi farið með honum heim um nóttina, sem hann kvað í þeirri skýrslugjöf geta passað, bar hann um það fyrir dómi að geta ekki svarað því og ekki vita hvort hann hafi verið að heyra það í fyrsta sinn í spurningum hjá lögreglumanni í skýrslutökunni.

Óháð framburði ákærða um eigið minnisleysi liggja fyrir framburðir brotþola, E og F um að þau þrjú og ákærði hafi setið og spjallað eftir að þau hafi öll verið komin að [...]. Báru brotþoli og E einnig um að þau hefðu spilað spurningaspil. Því til samræmis liggur einnig fyrir mynd sem brotþoli kvaðst við aðalmeðferð málsins hafa tekið á

símann sinn úr stiganum, og ber með sér að vera frá kl. 4:15 um nóttina. Þar má sjá karlmennina þrjá sitja við borð og ákærða lesa af spjaldi spurningaspils líkt og E bar um fyrir dómi að ákærði hefði gert. Öll fjögur báru um áfengisneyslu sína, þar af ákærði um mikla drykkju sína fram að og á [skemmtun], og verður með vísan til þess, framburðar annarra og fyrirliggjandi alkóhólmeðlinga Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði að telja ákærða hafa verið mjög ölvaðan síðla nætur. Aftur á móti hafa öll þrjú sem með honum voru um nóttina að [...] borið fyrir dómi og hjá lögreglu um samskipti sín við hann um nóttina, auk þess sem D greindi meðal annars frá því fyrir dómi og hjá lögreglu að ákærði hefði komið við í herbergi þeirra og þau ákærði þá ræðst við einhvern tímann næturinnar áður en hann hafi farið niður. Þá staðfesti F fyrir dómi framburð sinn frá því í skýrslugjöf hjá lögreglu að ákærði hefði við komu þeirra að [...] tjáð honum að D væri sofandi í herbergi á efri hæðinni. Þykir dómnum af öllu þessu ljóst að slá verði fyrirvara við þá frásögn ákærða, og telja hana ótrúverðuga með hliðsjón af öðru því sem fyrir liggur, þótt hann hafi komið vel fyrir og þyki hafa verið stöðugur í þeim framburði, að hann muni ekki að neinu leyti eftir veru sinni eða annarra á heimili sínu þessa nótt, eða því sem hann eða aðrir hafi hafst þar að.

Þá verður sömuleiðis að horfa til þess að á upptöku búkmyndavélar lögreglu við handtöku ákærða að morgni [...] 2024 má glögglega heyra hann tala um við lögreglu að sækja síma sinn og ganga svo til gestaherbergisins þar sem vitnið C bar um fyrir dómi og við skýrslugjöf á rannsóknarstigi að hafa séð ákærða liggja sofandi fyrir um morguninn. Þetta staðfestu einnig lögreglumenn sem stóðu að handtöku hans, sem og að hann og lögreglumenn hafi farið á efri hæð hússins svo ákærði gæti sótt símann. Að þessu leyti er þó gætt að því að við aðalmeðferðina óskaði ákærði sem fyrir segir, sbr. kafla II dómsins, eftir að greina frá því í viðbótarskýrslugjöf, eftir að hafa horft á þessa upptöku í dómsal, að muna þá eftir að hafa á þessum tíma jafnan hlaðið símann sinn í herberginu, án þess þó að reka frekara minni til þess hvar hann hafi sofið.

Hvað frásögn brotþola af atvikum [dagsetningar] áhrærir telur dómurinn hana að öllu leyti efnislega í samræmi við frásagnir annarra sem skýrslu gáfu fyrir dómi og hjá lögreglu af aðdraganda [skemmtun], [skemmtun] [...], veru hennar og karlmanna þriggja að [...] og hvað þau fjögur höfðust að á neðri hæðinni um nóttina. Sömuleiðis um það að hún hafi í kjölfarið lagst til svefns í gestaherbergi hússins á 2. hæð. Þá ber henni, ákærða og D jafnframt saman um mikinn vinskapa kvennanna tveggja, en meta verður ólíka sýn þeirra þriggja á vinskapa brotþola og ákærða og ætlaðar neikvæðar

skoðanir brotþola á ákærða í ljósi annars þess sem fyrir liggur, þar á meðal þeirra þáttaskila sem urðu á samskiptum allra þriggja vegna sakargifta þessa máls.

Hvað viðkemur frásögn brotþola af því sem hafi hent hana í gestaherberginu er brotþoli, sem fyrr greinir, ein til beinnar frásagnar um hvað þar fór fram. Önnur atriði, þar á meðal frásagnir annarra af því sem brotþoli hafi tjáð þeim í kjölfarið, framburðir vitna um aðstæður á vettvangi sem og sýnileg sönnunargögn, hafa í þessu sambandi einnig í samræmi við það sem rakið er í upphafi þessa kafla dómsins ríkt vægi við mat á hvort og/eða að hve miklu leyti framburður brotþola verður lagður til grundvallar við úrlausn málsins. Hún hefur borið um að hafa sofnað í bol einum klæða fljótlega eftir að hafa lagst til svefns. Samkvæmt frásögn hennar fyrir dómi og á rannsóknarstigi vaknaði hún við að einhver, sem hún hafi ekki vitað hver væri, hafi í tvígang reynt að koma getnaðarlim í endaparm hennar. Í fyrstu hafi hún frosið, en svo fært sig frá viðkomandi sem hafi þá komið á eftir henni og reynt það sama aftur, en eftir að hún hafi fært sig í síðara skiptið frá honum hafi hann hætt. Er hún hafi talið viðkomandi sofnaðan hafi hún farið út úr herberginu með síma sinn og fatnað og niður á neðri hæð hússins. Bar hún hvort tveggja fyrir dómi og á rannsóknarstigi um að viðkomandi hafi káfað á rassi hennar og að hafa fundið til sársauka sem stafaði af þrýstingi er viðkomandi hafi reynt að koma lim sínum í endaparminn.

Efnislega bar brotþoli að öllu leyti á sama veg fyrir dómi og á rannsóknarstigi um það sem fram hafi farið í herberginu, en var spurð nákvæmar út það í dómsal. Í svörum við þeim spurningum bar hún einkum um að telja viðkomandi hafa stýrt getnaðarlim sínum með þeirri hendi sem hann hafi ekki notað til að snerta hana með, án þess að bera um að hafa séð það heldur telja viðkomandi hafa notað hina höndina til að stýra limnum, byggt á því hvert limurinn hefði ratað. Hvort tveggja fyrir dómi og á rannsóknarstigi bar hún um þrýsting er harður limur hafi snert hana. Sá áverki sem greindist á brotþola í réttarlæknisfræðilegri skoðun á brotþola samrýmist því enn fremur að geta hafa komið til með þeim hætti samkvæmt framburði ljósmóður fyrir dómi sem hana skoðaði. Fyrir dómi kvaðst læknir sem hana skoðaði ekki hafa séð svona áverka áður, geta staðfest að hann hafi verið til staðar, en ekki geta fullyrt um hvernig hann hefði komið til. Hann kvað hann þó geta hafa verið eftir högg, eftir eitthvað hart, eins og afli hafi verið beitt á svæðið. Greindi hann frá því að telja svona roða ekki myndu koma til við venjuleg kynmök, heldur með þvingun um einhvern tíma. Einhverjir gætu fundið fyrir svona áverka, sem hafi ekki litið út fyrir að vera sársaukafullur. Hjá heilbrigðisstarfsfólkinu kom einnig

fram að ekki væri unnt að útiloka að áverkinn hefði getað komið til með öðrum hætti og nefndu dæmi í því skyni, auk þess sem skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola ber með sér vangaveltur um mögulegt nudd sem ljósmóðirinn skýrði fyrir dómi, sbr. kafla II þessa dóms. Fyrir dómi bar læknirinn um að áverkinn hafi verið innan við 48 klukkustunda gamall, en skoðunin á brotaþola fór fram laust fyrir hádegi [...] 2024. Þá eru á meðal málgagna þær myndir af áverkanum sem teknar voru í skoðuninni. Er þá jafnframt gætt að því að frásögn hennar þykir ekki í andstöðu við það að engin lífsýni af ákærða og brotaþola fundust á hinu og er í því tilliti auk annars höfð hliðsjón af því að flest sýnin voru ónothæf til DNA-kennslaggreiningar, þar á meðal gáfu sýni sem tekin voru af getnaðarlim ákærða ekki niðurstöður þar sem ekki hafi komið fram nægilegt magn DNA, hvorki af brotaþola né ákærða sjálfum.

Frásögn brotaþola af atvikinu í gestaherberginu fær enn fremur stoð í frásögnum vinkvenna hennar, L og C, fyrir dómi og á rannsóknarstigi, að gættum tengslum brotaþola við þær, og framburði B fyrir dómi, einnig að gættum tengslum, en málgögn bera ekki með sér að tekin hafi verið skýrsla af B hjá lögreglu um hvað brotaþoli hafi tjáð henni [...] 2024. Fær frásögn brotaþola sömuleiðis stuðning af fyrirbyggjandi skilaboðum í síma milli brotaþola og C þá um nóttina, frásögn brotaþola samkvæmt frumskýrslu lögreglu og því sem eftir henni er haft um atvikið við réttarlæknisfræðilega skoðun, handskrifuðu af ljósmóðurinni P í skýrslu um skoðunina, sem og í framburði ljósmóðurinnar og læknisins O fyrir dómi. Í öllum tilvikum, nema í framburði læknisins, liggur fyrir frásögn um hvað brotaþoli bar um [...] 2024, sem er efnislega í samræmi við frásagnir brotaþola fyrir dómi og í skýrslugjöf hjá lögreglu og í öllum tilvikum, þar á meðal einnig í skýrslugjöf læknisins fyrir dómi, liggja fyrir frásagnir af bágri andlegri líðan brotaþola. Ekki verður séð að brotaþoli hafi sérstaklega tjáð sig við lækninn um hið ætlaða brot. Um framburð vinkvennanna tveggja er þess að geta að í ljósi annars sem fyrir liggur, þar á meðal uppnáms brotaþola undir morgun, þykir ekkert geta rýrt gildi framburðar vinkvennanna um frásögn brotaþola af atvikinu í gestaherberginu, þótt þær hafi ekki með vissu nákvæmlega getað haft eftir brotaþola hversu oft viðkomandi hafi reynt að þröngva getnaðarlim sínum í endaparm hennar. Þá rennir framburður sálfræðingsins M fyrir dómi og vottorð hennar um andlega hagi brotaþola, meðal annars byggt á klínísku mati, einnig sams konar stoðum undir frásögn hennar.

Þá er og til þess að líta að hvort tveggja á rannsóknarstigi og fyrir dómi bar brotaþoli um að fatnaður ákærða hafi legið á gólfinu á neðri hæð hússins er hún hafi komið niður.

Nánar spurð um fötin hjá lögreglu bar hún um að þar hafi allavega verið jakkaföt ákærða, skyrta og skór, en hún væri ekki verið viss um hvort þar hefðu verið nærbuxur hans og sokkar. Sá framburður hennar er einnig í samræmi við framburð D fyrir dómi og á rannsóknarstigi um að hafa séð föt ákærða á gólfinu á neðri hæð hússins eftir að hún vaknaði, þar af á rannsóknarstigi, fyrir neðan stigann, en við þá skýrslugjöf bar hún einnig meðal annars um spil þar á borðinu. Frásögn brotþola um fatnað ákærða neðan stigans fær einnig stoð í skýrslu lögreglumanns I fyrir dómi um að hafa séð karlmannsföt á gólfinu við handtöku ákærða að morgni [...] 2024 og einnig aðkomuskýrslu sem sami lögreglumaður staðfesti fyrir dómi að hafa ritað. Er það og í samræmi við það að upplýst þykir að ákærði sofi alla jafna í brók og að á meðal fatanna hafi ekki verið sokkar eða nærfatnaður.

Samkvæmt frásögn brotþola fyrir dómi og á rannsóknarstigi varð hún ekki vör við neinn á neðri hæð hússins eftir að hún fór þangað úr gestaherberginu. Hjá lögreglu bar hún, nánar aðspurð um þetta atriði, að hún teldi að hún hefði orðið vör við það ef svo hefði verið þar sem húsið væri gamalt og umgangur heyrðist. Við aðalmeðferðina greindi hún einnig í samræmi við framburð sinn hjá lögreglu frá því að hafa verið í sófanum á neðri hæðinni um einhvern tíma þegar hún hafi reynt að ná símleiðis í vinkonur sínar [...] áður en hún hafi læst sig inni á klósetti, en af frumskýrslu lögreglu verður ráðið að hún hafi byrjað að hringja kl. 5:43.

Samkvæmt öllu framangreindu þykir framburður brotþola trúverðugur og stöðugur um atvikið og önnur meginatriði málsins og verður hann lagður til grundvallar því að sannað þygi að brotið hafi verið gegn henni í gestaherberginu að [...] aðfaranótt [...] 2024.

Ákærði er, sem fyrr segir, ekki til frásagnar um hvar hann hélt sig [...] 2024 allt þar til hann vakti D eftir að lögregla hafði vakið hann með dyrabjöllunni á heimili þeirra, en ýmis gögn málsins, þar á meðal upptaka úr búkmyndavél lögreglu, staðfesta að það hafi lögregla gert laust eftir kl. 10 þann morgun. Þá er lagt til grundvallar að ákærði hafi ekki vaknað um morguninn við hlið D í hjónaherberginu, og þar á meðal byggt á framburði hennar fyrir dómi og hjá lögreglu um að hafa vaknað ein í rúmi þeirra, heldur hafi hann um nóttina sofnað í rúminu í gestaherbergi hússins. Styðst það hvort tveggja við framburð C fyrir dómi og á rannsóknarstigi um að þar hafi hún séð ákærða liggja er hún fór í síðara skiptið upp í herbergið, eftir að hafa sótt þangað veski brotþola, til að gá hver þar svæfi, og þykir meðal annars í ljósi frásagna annarra af því að það hafi C gert

ekki óvarlegt að leggja til grundvallar frásögn hennar að þessu leyti. Enn fremur þykir upptaka úr búkmyndavél lögreglu af ákærða sækja þangað símann sinn styðja að þar hafi hann sofði, sem og að hann lagði í vana sinn að sofa þar þegar hann og sambýliskona hans sváfu ekki hlið við hlið í hjónaherberginu. Er þá og meðal annars gætt að frásögn C um að hafa þekkt ákærða í sjón og því að frásögn hennar um að ákærði hafi ekki rumskað þrátt fyrir að hún hafi dregið sængina frá andliti hans þykir í samræmi við að hann hafi verið þar í fastasvefni, í ljósi frásagna um áfengisneyslu hans í umrætt sinn, hversu illa áttaður hann var er hann vaknaði og niðurstöðu alkóhólákvörðunar á blóði hans. Að skýrslugjöfum C fyrir dómi og hjá lögreglu virtum, en einnig skýrslugjöfum brotþola og L, sem og fyrirliggjandi símasamskiptum C og brotþola um nóttina, er lagt til grundvallar að C hafi séð ákærða liggja í rúminu nærri kl. 7 um morguninn.

Þá er til þess að líta að bæði E og F báru efnislega um það fyrir dómi og á rannsóknarstigi að hafa um tíma verið tveir einir í sama rými á neðri hæð hússins. Bar F meðal annars um að þeir hafi verið að spjalla, en samkvæmt framburði hans fyrir dómi þekkir hann þó ekki E með nafni. Um tíma hafi grunur leikið á um að ákærði og brotþoli væru saman á salerni á neðri hæðinni. Hafi þeir kallað inn á salernið, en F bar um að hafa einungis heyrt þar innandyra í ákærða. Þá verður ráðið af því sem F bar við aðalmeðferðina að E hafi ætlað að ná í D vegna fyrrgreinds gruns. Af framburði F verður ráðið að E hafi svo farið upp á efri hæðina þegar ákærði var enn staddur á salerninu á neðri hæðinni og hafi F í kjölfarið ákveðið að halda heim á leið þar sem honum hafi þótt nóg komið. Samkvæmt E gáði hann að því hvort brotþoli væri í gestaherberginu, hvar hann bar um að hún hafi sofði er hann hafi vitjað hennar. Í kjölfarið hafi hann farið aftur niður og þeir ákærði rætt saman, og ákærði verið klæddur, uns E hafi haldið heim á leið.

Hvað þessa atburðarás varðar gætir dómurinn sérstaklega að því hvort skynsamlegur vafi geti leikið á því hvort annar karlmaður en ákærði, hafi brotið gegn brotþola frá því hún lagðist til svefns þar til hún yfirgaf gestaherbergið og reyndi símleiðis að ná til vinkvenna sinna. Í þessu viðfangi leggur dómurinn til grundvallar sem sannaða þá frásögn E að hann hafi farið á efri hæð hússins og í kjölfarið niður aftur að ræða við ákærða einkum byggt á eftirfarandi atriðum. F bar um að E hafi vikið frá salernishurðinni til að fara á efri hæð hússins þegar þeir tveir hafi verið saman staddir að reyna að ná til ákærða. Frásögn E samræmist einnig frásögn F um að F hafi ekki hitt E aftur áður en F hélt svo heim á leið. Þá þykir frásögn E, um að þeir ákærði hafi rætt saman á neðri hæðinni, fá stoð í framburði brotþola um að hafa ekki orðið vör við neinn umgang í

húsinu eftir að hún flúði misgjörðamann sinn sofandi í gestaherberginu, að hún hafi séð föt ákærða liggja á neðri hæðinni og að hafa um stund verið þar ein í sófanum áður en hún læsti sig inni á salerni. Enn fremur þykir það sem fyrir liggur um tímasetningar, og að nokkru hefur verið rakið, ekki í andstöðu við framburði F og E.

Að öllu framangreindu röktu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi verið sá sem braut gegn brotþola á þann veg sem tilgreint er í verknaðarlýsingu ákæru, þó þannig að ósannað þykir í ljósi þess sem fram er komið að hann hafi verið nakinn er hann viðhafði háttsemina. Þótt brotþoli hafi ekki skynjað annað en beran líkama hans, þá liggur fyrir að myrkur hafi verið í gestaherberginu, ákærði sofnað þar í kjölfarið, fatnaður hans að brók og sokkum frátöldum hafi þá verið á neðri hæð hússins neðan stiga og að ákærði hafi eftir að hann vaknaði um morguninn og fór inn í herbergið til sambyliskonu sinnar verið í brók, auk þess sem þannig þykir í ljós leitt að ákærði hafi alla jafna sofið. Án tillits til kynferðislegra hvata ákærða til brotþola þykir þannig sannað á grundvelli þeirra gagna er grein hefur verið gerð fyrir að hann hafi komið ölvður í gestaherbergið á 2. hæð hússins og viðhaft kynferðislega háttsemi í trássi við vilja hennar.

Að öllu virtu þykir framburður brotþola, eins og rökstutt hefur verið með vísan til gagna, þar á meðal sýnilegra gagna og framburða vitna, trúverðugur og stöðugur um brotið sjálft og önnur meginatriði málsins, viðbrögð hennar þar sem hún hafi í fyrstu frosið en svo fært sig frá í tvígang, sem og frásögn hennar um hluta fatnaðar ákærða á neðri hæð hússins er hún fór strax í kjölfar brotsins niður stigann þar sem hún hafi ekki orðið vör við neinn. Hún hafi þá heldur ekki heyrt umgang eða orðið að öðru leyti neins vör á meðan hún hafi beðið vinkvenna sinna. Bar frásögn hennar með sér að hafa verið einlæg. Þá liggja sömuleiðis fyrir framburðir vinkvenna brotþola og annarra vitna, svo sem heilbrigðisstarfsfólks sem gerð hefur verið grein fyrir, um mikið uppnám brotþola. Þá er að framan rakið að dómurinn telur sannað að ákærði hafi legið í rúmi gestaherbergisins þegar C, vinkona brotþola, hafi athugað hver þar svæfi, sem og að ákærði hafi áfram sofið þar uns lögreglu bar að garði. Er þá einnig gætt að því að þrátt fyrir að engin lífsýni hafi fundist af ákærða á brotþola eða af brotþola á ákærða, eða að áverki hafi greinst á lim ákærða við réttarlæknisfræðilega skoðun, einkum með hliðsjón af lýsingu á því hvernig brotið var gegn brotþola og þeim minniháttar áverka sem á henni greindist á þó viðkvæmu svæði, þykir það ekki geta verið til marks um að ákærði hafi ekki verið þar að verki. Er þá og gætt að því að ekkert haldbært þykir fram komið

sem rennt gæti stöðum undir aðrar ástæður fyrir viðbrögðum brotþola um nóttina, þar á meðal ekki undir það að frásögn brotþola væri tilbúningur eða ýkjur í ljósi ætlaðrar óvildar í garð ákærða þannig að henni hafi hugkvæmst að saka hann, sambýlismann góðar vinkonu, um jafn alvarlegan verknað. Þær D voru góðar vinkonur fyrir atvikið og báru meðal annars báðar um góð og mikil samskipti allra þriggja; brotþola, D og ákærða; [...] 2024 og fram eftir því kvöldi. Enn fremur þykja viðbrögð ákærða sjálfs, en hann bar um að hafa sent brotþola skilaboð og beðist afsökunar [...] 2024, ekki vera til marks um að hann teldi óvild hafa ráðið för, án þess þó að dómurinn telji efni til eða nauðsyn á við mat á sönnun að ráða aðra merkingu í hvorki þau skilaboð né þau sem hann sendi svo brotþola [...].

Þykir háttsemi ákærða, að trúverðugum framburði brotþola virtum, þar á meðal því að limur hans snerti svæðið við endaparmsop hennar er hann reyndi í tvígang að þröngva limnum þar inn, og því að sýnt þykir að ekki var svo ástatt fyrir brotþola sem greinir í 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, vera refsinsæm og réttilega heimfærð í ákæru til 1. mgr. 194. gr. þeirra laga. Er þess þá gætt að brot ákærða samkvæmt ákvæðinu hafi að lágmarki verið fullframið við það að limur hans snerti brotþola á fyrrgreinda vega. Gat ákærði ekki átt von á því í ljósi þess sem fyrir liggur um tengsl hans og brotþola og/eða dulist í ljósi tildraga brotsins og hvernig hún brást við háttsemi hans að samþykki hennar lægi fyrir þegar hann reyndi að koma fram vilja sínum. Getur áfengisneysla heldur ekki rýrt eða leyst hann undan sök og þar með, að öðrum skilyrðum uppfylltum, refsíabyrgð vegna verknaðarins. Þykir þannig áskilnaður 18. gr. sömu laga um ásetning til háttseminnar skýrlega vera fyrir hendi. Ákærði hefur því unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. laganna.

#### IV

Ákærði, sem er [...] ára gamall, hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður verið dæmdur til refsingar og ekki liggja fyrir aðrar upplýsingar í aðra veru. Fyrir dómi hefur komið fram að hann hafi ekki drukkið áfengi eftir atvikið og sótt meðferð vegna vanda sökum áfengisneyslu. Á hinn bóginn er til þess að líta að hann hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot, nauðgun samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem varðar fangelsi ekki skemur en einu ári og allt að 16 árum. Hann braut gegn brotþola er hún var gestkomandi á heimili vinafólks, hans og sambýliskonu hans, í kjölfar þess að hún hafði lagst þar til svefns. Af atvikum verður ráðið að hún hafi átt sér

einskis illis von, heldur þvert á móti, og að daginn á undan, svo og um kvöldið og nóttina hafi hún notið samveru ákærða, sambýliskonu hans, og loks vana ákærða, áður en ákærði braut gegn sjálfsákvörðunarrétti og kynfrelsi hennar samkvæmt framansögðu og olli henni miska. Við ákvörðun refsingar verður í þessu ljósi og að fyrrgreindum sakaferli virtum einkum litið til 1., 2., 5. og 7. t. l. 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Samkvæmt því, og með hliðsjón af nýlegri dómaframkvæmd vegna afbrota af því tagi sem hér um ræðir, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár, sem ekki eru efni til að skilorðsbinda.

## V

Að mati dómsins þykja miskabætur til brotþola samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, eins og málsatvikum er háttað, þar á meðal með hliðsjón af frásögnum og vottorði um áfall brotþola og afleiðingum þess, og með hliðsjón af dómaframkvæmd, í samræmi við kröfu brotþola hæfilega dæmdar 1.600.000 krónur. Í ljósi tímasetningar hins bótaskylda afbrots og upplýsinga samkvæmt lögregluskýrslu um hvenær greinargerð um bótakröfu var birt, sem og með vísan til 8. gr. og 1. mgr. 6. gr., sbr. fyrri málslið 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, dæmast vextir og dráttarvextir af dæmdum bótum einnig í samræmi við kröfugerð og samkvæmt því sem í dómsorði greinir.

## VI

Í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins. Til hans heyrna málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Gísli M. Auðbergssonar lögmanns, sem réttmætt þykir með hliðsjón af umfangi málsins og því sem fyrir liggur um vinnu verjandans að ráðist í aðalatriðum af yfirliti um tímafjölda, en að gættum viðmiðum um tímagjald, og ákvarðist 2.589.432 krónur. Þá er fallist á greiðslu aksturskostnaðar verjandans að virtum mætingum og samlegð vegna annara mála, sem ákveðinn er að fjárhæð 66.864 krónur. Til sakarkostnaðar heyrir jafnframt þóknun réttargæslumanns brotþola, Hlyns Jónssonar lögmanns, sem ræðst á sama grunni af tímaskýrslu, 1.009.670 krónur, og annar sakarkostnaður vegna rannsóknaraðgerða samkvæmt yfirliti ákærvaldsins og framlögðum reikningum, samanlagt að fjárhæð 329.119 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknana hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Áslaug Benediktsdóttir saksóknarfulltrúi.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði A 1.600.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2024 til [...] 2024, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 3.995.085 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Gísla M. Auðbergssonar lögmanns, 2.589.432 krónur, aksturskostnað verjandans, 66.864 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Hlyns Jónssonar lögmanns, 1.009.670 krónur.

Hákon Þorsteinsson